

## Grettir sterki og Sturla lögmaður

Það er engin nýlunda í fræðum sem fást við íslenskar miðaldabókmenntir að leita höfundar þeirra verka sem ekki eru tengd nafnkunnum mönnum í varðveittum handritum. Hér heima er þekkt leit Barða Guðmundssonar að höfundi Njálu í mörgum ritgerðum og ekki síður rökstuddar tilgátur þeirra sem gefið hafa út sögur fyrir Hið íslenska fornritafélag á umliðnum árum og áratugum um þau nöfn sem helst bæri að tengja einstökum Íslendinga sögum;<sup>1</sup> að ekki sé minnst á viðleitni margra fræðimanna til að treysta bönd þeirra frænda, Egils á Borg og Snorra Sturlusonar,<sup>2</sup> og fjölga verkum á ritaskrá Sturlu Þórðarsonar.<sup>3</sup> Matthías Johannessen ritstjóri og skáld hefur í þeim efnum brugðið fyrir sig einna skemmtilegustu röksemdafærslunni þegar hann eignar Sturlu Þórðarsyni Njálu ekki hvað síft vegna þess að líkur hljóti að vera til þess að besta skáldið semji bestu söguna.<sup>4</sup>

Í þeim fyrirlestri sem hér verður kynntur er glímt við gamlan draug í norrænum fræðum: Samdi Sturla Þórðarson Grettis sögu? Það var Árni Magnússon sem fyrstur vakti drauginn upp í stuttri minnisgrein, Sigurður Nordal færði hann í fræðilegar spjarki rúnum tvö hundruð árum síðar og hann hefur síðan verið á stjálki um síður fræðirita; þeir sem um söguna skrifa vita af honum þó

- 1 Oft reyna fræðimenn að þrengja hringinn um höfund með því að leita hliðstæðna við frásagnir Íslendinga sagna í umræti Sturlungaaldar, fyrirmynda að lýsingu á viðburðum, aðstæðum eða persónum. Sú var megináðferð Barða Guðmundssonar og henni beitir einnig Þórhallur Vilmundarson í formála útgáfu sinnar og Bjarna Vilhjálmssonar á Harðar sögu og fleiri Íslendinga sögum (1991). Þórhallur leiðir að því að rök að Sturla Sigghvatsson, ævi hans og örlög, kunni að hafa haft áhrif á lýsingu höfundar Harðar sögu á aðalhetju sinni og atburðir sögunnar og aðstæður hafi litast af samfimmviðburðum. Þórhallur segir: „Líkingaratriði þau, sem hér hafa verið talin, eru það mörg og samsvörunin það nán, að ekki virðist geta verið um tilviljun að ræða. Höfundur sögunnar sýnist hafa verið svo gagntekinn af hinum dramatísku atburðum í samtíðinni, að þeir seitu mark sitt á sögu hans. Um það á hann reyndar sammerkt með höfundum ýmissa annarra Íslendingasagna, svo sem menn hafa smám saman verið að átta sig á á síðari árum.“ (1991:lxiv). Síðar verður vikið að umfjöllun Þórhalls um samband Harðar sögu og Grettlu.
- 2 Sbr. Peter Hallberg (1962). Hann hefur í síðari ritgerðum oft fjallað um Egil og Snorra auk þess sem um þá segir í *Stilsignalement och författarskap* (1968). Sigurður Nordal hefur víða skrifað um Snorra Sturluson og Eglu, m.a. í formála útgáfu sinnar á sögunni (1933), í *Snorri Sturluson* (1920) og samnefndri ritgerð yngri (1941). Þá hefur Baldur Hafstað m.a. reynt að lesa saman lífshlaup beggja (1990, 1991) og fært að því rök að Snorri hafi samið Eglu „seint á ævi sinni, síðar en Heimskringlu, jafnvel á síðustu árum ævi sinnar“ (1990:89). Nú síðast hefur Jónas Kristjánsson prófessor varpað fram þeirri hugmynd að Snorri hafi skapað bókmenntagreinina Íslendinga sögur með Eglu sinni og samið hana nærri 1240 (fyrst í fyrirlestri sem haldinn var á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals 20. mars 1989; síðar 1990). Sbr. einnig P. E. Wieselgren (1927) og M. C. van den Toorn (1959).
- 3 Sturla hefur auk Grettlu einkum verið orðaður við Eyrbýggju og Laxdæla sögu (um hana hafa þeir tekist bræðurnir Sturla og Ólafur hvítaskáld) einkum í ritgerðum eftir Rolf Heller, Gunnar Benediktsson, Marínu Mundt og Peter Hallberg einsog Guðrún Ása Grímsdóttir gerir grein fyrir í ritgerð sinni um Sturlu (1988:9-36). Ályktarorð hennar í þessum efnum eru skynsamleg einsog vænta mátti: „Ekki verður hér skoríð úr því hvort rétt sé að telja Sturlu höfund fleiri rita en þeirra sem fornar bækur eigna honum óhikað. Hann er einn nafnkunnara rithöfundar á miðöldum og má því vera að mönnum hætti til að eigna honum fleiri rit en færri. Síður maður átti sér lærimeistara og hefur án éfa sjálfur átt lærisevna sem sögðu og skráðu sögur að hætti meistara síns og mun ógreitt að skera úr um höfundana sagna þessa skóla.“ (30).
- 4 Hann segir meðal annars: „Tvennt er víst: enginn skrifar Njálu nema stórskáld og unnt er að skrifa landfræðilega lýsingu í skáldverki án staðarþekkingar sem byggist á nánum tengslum höfundar við æskuumhverfi. En eitt er víst: enginn skrifar listaverk eins og Njálu án mikillar æfingar og verkunnáttu, ekki síft heimildarþekkingar og úrvinnsluhæfileika.“ (1985:284) Og litlu síðar segir að Njála sé „e.k. utansveitarkronika Breiðfirðingsins Sturlu Þórðarsonar; þroskaðasti ávöxtur snilldar hans“ (1985:285).

hann ríði ekki húsum einsog Glámur forðum.<sup>1</sup> Og hann hefur aldrei verið kveðinn niður í eitt skipti fyrir öll þó ýmsir hafi sent honum kveðju;<sup>2</sup> nú síðast sést honum bregða fyrir í formála vandaðrar útgáfu Þórhalls Vilmundarsonar á Harða sögu frá 1991. Ég geri stuttlega grein fyrir meginröksemdum þeirra sem eignað hafa Sturlu söguna og vfk jafnframt að aldri Grettlu og handritum. Í framhaldi af þeim inngangi kynni ég nýlegar rannsóknir á orðaforða Íslendinga sagna, Sturlungu, Heimskringlu og annarra þeirra fornrita sem aðgengilegar eru á tölvu og reyni jafnframt að nýta þær til að átta mig á átta mig á venslum Grettlu og Íslendinga sögu.<sup>3</sup> Af tæknilegum ástæðum verða endanlegar niðurstöður þeirrar athugunar þó fyrst kynntar á ráðstefnunni sjálfri. Því miður er ekki ráðrúm til að fjalla hér um bókmenntaleg einkenni Grettis sögu eða margbrotið innrím hennar og annarra íslenskra miðaldabóka, vensl hennar við evrópskar bókmenntir, afstöðu höfundar til frásagnarhefðar Íslendinga sagna og tungumáls; allt þetta virðast mér þó benda eindregið til þess að sagan sé seint samín.<sup>4</sup>

## I.

Fræðimenn hafa leitt getum að því að Sturla hafi samið sérstaka sögu um Gretti Ásmundarson sem síðar lenti í glatkistunni en hafði áhrif á þá Grettlu sem nú er varðveitt. Fyrstan þeirra sem talið hafa frum-Grettlu ættaða úr smíðju Sturlu má nefna Árna Magnússon handritasafnara einsog nefnt var hér að framan en hann segir:

Grettis saga gengur nær Fabulæ en Historiæ, er full með Fabulas <og> parachronismos, er interpolerud úr einhvöruru opere Sturla Þordarsonar, og hans ætla eg vísumar se. Grettissaga sú er vær höfum, er interpolerud úr þeirri, er Sturla Þordarson hefur ritad, og það kannske seint á tímum. Interpolator mun hafa sett fabulas þar inn. Eg minnist mig að hafa sed gamalt fragment úr þessari Grettissögu. Annars er ei óvíst at Grettissaga Sturlu hafe og fabulosa verid, og líkara þyke mer ad Sturla muni hafa komid við Vísumar er standa í þeirri sem vær nu höfum. Þessi saga er fabulis plena.

(Jón Helgason 1980:49)

Bókmenntasmekkur Árna er kunnur af minnisgreinum hans strjálum og bréfum;<sup>5</sup> hann var hallari undir 'sannar' frásagnir og nákvæmar að hætti Ara fróða en

1 Þeir sem varfærnastir eru gera ráð fyrir að höfundur Grettis sögu hafi a.m.k. stuðst við ritaðar heimildir um Gretti frá 13. öld; hér má vitna til Roberts Cooks sem skrifar um söguna í nýtt uppsláttarrit um skandinavískar miðaldir: „Grettis saga was composed sometime around 1310-1320; this date, late for the Íslendingasögur, can be deduced from internal evidence, especially a reference in ch. 49 [p.e. um spjótshund á dögum Sturlu Þórdarsonar, innsk. ÖT]. The unknown author collected tales about Grettir from both written and oral sources and shaped them into the present saga, adding some preliminary matter about Grettir's forebears [...] and some final chapters (83-93 [p.e. Spesarþætti, innsk. ÖT]) telling how Grettir was avenged in Byzantium by his Norwegian half-brother Þorsteinn, and how Þorsteinn engaged in a love affair there with a married lady named Spes.“ (Grettis saga. *Medieval Scandinavia* 1993:242).

2 Einna rækilegust er atlagla Kolbrúnar Haraldsdóttur (1986).

3 Sú vinna byggir á nýjum útgáfum þessara fornrita: *Íslendinga sögur og þættir* I-III (1987), *Sturlunga saga* I-II (1988), *Heimskringla* I-II (1991). Hér á eftir er jafnan vitnað til þessara útgáfna.

4 Sbr. ritgerð mína um söguna: *Orð af orði. Hefð og nýmæli í Grettlu* (1993).

5 Hér má minna á fræga tilvitnun þeim orðum til stuðnings: „Flestar af vorum Íslensku sögum eru skrifadar af hominibus historices penitus ignaris et chronologiæ imperitis. eru þar í mesta part scitu indigna, amplificerud med ærnum ordaföldu, item res confusissime tracteradar og mart aukid og ósatt Íslensker stulte eveherader, flestar eru og skrifadar so seint ad authores kunnu ei vel vita veritatem gestorum. Í Íslenskum sögum eveherast stulte Íslandi, og þeirra meriter, eins og þeir væri öllum Nationibus fremur. framardrum hefur Niálsögu author verid bliðunarlaus þar í, í mörgum stöðum, og er það eitt Argument til ad

uppspuna og fabúlur af toga fornaldarsagna og sumra Íslendinga sagna eða samtíðning einsog Flateyjarbók sem honum þótti „med þeim lettægustu Membranis“. Sigurður Nordal tók upp þennan þráð frá Árna í ritgerð sinni um Sturlu Þórðarson og Grettis sögu árið 1938. Þar rekur hann röksemdir eldri fræðimanna um aldur, frumsögu og höfund, veltir fyrir sér tímatali sögunnar og tilvísunum til Sturlu og samtíma hans. Niðurstöðu sína orðar hann svo:

Sturla lögmaður Þórðarson hefur á efri árum sínum, varla fyrr en um 1280, samið æfi Grettis. Þetta rit Sturlu er að mestu leyti glatað í upphaflegri mynd sinni, en nokkurum getum má leiða um efni þess og heimildir. Það má telja því nær öruggt, að Halldór prestur Oddsson hafi verið aðalheimildarmaður Sturlu. [...] Auk þess er ekki loku fyrir það skotið, að Halldór hafi látið eftir sig einhver rituð drög um ævi Grettis frænda síns.<sup>1</sup>

(1938:17-18)

Sigurður telur sig geta metið það með nokkurri vissu um hvaða þætti í ævi Grettis hafi verið fjallað í þessari frum-Grettlu (1938:19-20), hvenær Sturla hafi sett hana saman og honum finnst það ekki óhugsandi að sumt hafi sá sem síðar kom að verki tekið orðrétt frá henni (1938:21).<sup>2</sup> Að öðru leyti hafi höfundur þeirrar gerðar „notað bók Sturlu sem stofn og undirstöðu, en aukið hana og endursamið.“ (1938:23). Sigurður vísar einnig að tengslum Landnámu og Grettlu og segir ljóst „að höfundur sögunnar þekkir ekki aðra Landnámu-gerð en Sturlubók“ (1938:18) og sú niðurstaða virðist mér ótvíráð. Áður en lengra er haldið er rétt að rekja þær tilvísanir sögunnar sem Sigurður taldi haldbærust rök fyrir frum-Grettlu sinni.<sup>3</sup>

Í Grettlu er fjórum sinnum vísað til Sturlu Þórðarsonar sagnaritara eða þess sem um hans daga gerðist:

- A) Spjótið það sem Grettir hafði týnt fannst ekki fyrr en í þeirra manna minnum er nú lífa. Það spjót fannst á ofanverðum dögum Sturlu lögmanns Þórðarsonar og í þeirri mýri er Þorbjörn féll og heitir þar nú Spjótsmýri. Og hafa menn það til merkja að Þorbjörn hefði þar drepinn verið þótt í sumum stöðum segl að hann hafi á Miðfjatum drepinn verið.

(49:1029)

Af þessari klausu dró Sigurður Nordal þrjár ályktanir:

Þessi frásögn er merkileg fyrir margra hluta sakir. Hún bendir til þess að Sturla hafi ritað um Gretti seint á ævi sinni og söguritaranum hafi verið kunnugt um, að svo var. Hún sýnir líka, að nokkuð langur tími hefur liðið frá dauða Sturlu, þangað til þessi orð voru rituð. Eldri menn muna enn spjótsfundinn, sem hefur orðið milli 1270 og 1280. Og orðin „þótt í sumum stöðum segi“ benda til ritaðrar heimildar, sem er eldri en það, sem Sturla hefur ritað.

(1938:12)

Sæmundr Fródi se ei hennar Author, því af honum er að vænta meire greindar.“ (Jón Helgason 1980:63-64).

- Hér styðst Sigurður við orð Guðna Jónssonar: „Það er ekki ólíklegt, að Sturla lögmaður hafi í æsku sinni heyrt Halldór prest segja sögur af Gretti hinum sterka og fengið þannig þann áhuga fyrir honum, sem tilvitnanir sögunnar virðast bera með sér, að hann hafi haft.“ (1936:xlvi). Guðni Jónsson telur þó Hafliða prest Steinsson líklegasta höfund Grettis sögu en færir ekki veigamikil rök fyrir þeirri skoðun sinni (1936:lxiii-lxxv).
- Jónas Kristjánsson er og hallur undir þá túlkun að tilvísanir til Sturlu bendi til að vitnað sé „í rit eftir Sturlu, hvort sem það hefur aðeins verið stutt ágríp varðandi tímatal og nokkrar staðreyndir í ævi Grettis, ellegar raunveruleg saga, eldri gerð Grettissögu“ (1978:292).
- Í nýrri bókmenntasögu segir Vésteinn Ólason um þessar tilvísanir að „þær geti eins átt við munnlega frásögn eða stutta fróðleiksgrein“ (1993:144) og þurfi ekki að vera vitnisburður um sögu Grettis eftir Sturlu.

Mér er ekki ljóst hvernig ráða má af þessari klausu að Sturla hafi skrifað um Gretti, hvað þá hvort hann gerði það seint eða snemma á ævinni, og söguritaranum hafi verið það ljóst. Nafn Sturlu virðist einvörðungu notað til að tímasetja spjóttsfundinn með svipuðum hætti og nafn Guðnýjar ömmu hans er nefnt þegar færð voru bein Snorra goða í Eyrbyggju (65:623) og ætla fáir að Guðný hafi sett saman þá sögu þótt enginn efist um hæfileika hennar til sagnagerðar.

Í annan stað verður að telja vafasamt að klausan 'þótt í sumum stöðum segi' hljóti að vísa til ritaðrar heimildar (sem sé eldri en Sturla); ekkert mælir gegn því að hér sé vísað til munnmæla eða söguritarinn bregði fyrir sig innstæðulitlu ritkliifi eða formúlu af þekktri gerð. Höfundur Grettlu ber víðar saman 'frásagnir' án þess að það verði talið til vitnis um ritaðar heimildir. Um það má taka tvö dæmi:

- a) Þegar sögumaður veltir fyrir sér aðdrifum skessunnar í Bárðardal segir: „Þetta er sögn Grettis! að tröllkonan steypist í gljúfrin niður en hún fékk sárið, en Bárðardalsmenn segja að hana dagaði uppi þá er þau glímdu, sprungið þá að hann hjó af henni höndina og stóndi þar enn í konulking á bjarginu“ (65:1056).
- b) Um þörupiltinn sem spillti skírslu Grettis segir: „Hann fór að Gretti og rétti honum fingur og skar honum höfuð og kallaði hann margýgjuson og mörgum öðrum illum nöfnum. Gretti varð skapfátt mjög við þetta og gat þá eigi stöðvað sig. Grettir reiddi þá upp hnefann og sló piltinn undir eyrað svo að hann lá þegar í öviti en sumir segja að hann væri dauður þá þegar. En engi þóttist vita hvaðan sjá piltur kom eða hvað af honum varð en það ætla menn helst að það hafi verið óhreinn andi sendur til óheilla Grettis“ (39:1016).

Þá má það nefna að örnefnið 'Miðfitjar' er óþekkt í heimildum og skrifarar yngri handrita sögunnar leiðrétta það sumir í 'Miðfjörð'.

Þriðja ályktun Sigurðar Nordals og sú sem reynst hefur lífseigust varðar ritunartíma þeirrar Grettlu sem nú er varðveitt (sbr. t.d. Ólaf Halldórsson 1990:43).<sup>2</sup> Sturla Þórðarson dó 1284, þeir menn sem 'nú lifa' og mundu þennan

- 1 Víða í Grettlu hef ég fundið tilvísanir til 'munnlegra heimilda' (sbr. 1993:191-94, o.v.). Meðal þeirra eru allmargar sem vísa til frásagnar Grettis sjálfs og er fátt í Íslendinga sögum að hetjur séu heimildarmenn. Með þessum hætti fær frásögnin óvanalegan blæ trúverðuleika og sanninda; færast nær ævisögunni einsog við þekkingu hana úr samfíðinni, verður nánast víðtalsbók við Gretti. Að frátalinni þessari tilvísun má nefna: „Svo hefir Grettir sagt að hann þóttist þá afraun mesta gert hafa að halda dýrinu“ (21:988); „Nú í því er Glámur féll rak skjýð frá tunglinu en Glámur hvessti augun upp í móti. Og svo hefir Grettir sagt sjálfur að þá eina sýn hafi hann séð svo að honum brygði við“ (35:1010); „Grettir kvað hana [Þorbjörgu digru] ráða. Síðan var hann leystur. Og þá kvaðst hann mest bundist hafa að sínu skaplyndi að hann sló þá [smábændur] eigi er þeir hældust við hann“ (52:1035); „Svo hefir Grettir sagt að fyrir dalnum hafi ráðið blendingur, þurs einn sá er Þórir hét, og í hans trausti hafði Grettir þar verið“ (61:1050). Aukinheldur má nefna þessa tilvísun sem kalla má umorðun með hefðbundnum hætti á vísu sem höfð er eftir Gretti (27. vísa): „Svo hefir Grettir sagt að hann þóttist öruggur til vígs við flesta menn þó að þrír væru saman en hann mundi eigi flýja fyrir fjórum að óreyndu en því að eins berjast við fleiri nema zetti hann hendur sínar að verja sem segir í þessari vísu“ (31:1003).
- 2 Óskar Halldórsson víkar að þessari tilvísun í ritgerð sinni: Goðsögnin um Gretti (1977:627-39) og segir: „Venjulega er Grettla talin rituð laust eftir aldamótin 1300, en raunar þarfnað aldur hennar nánar rannsókna. Ýmislegt sem hér er ekki rúm til að rekja, bendir til að hún sé nokkru yngri. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að athugasemd 49. kafla um spjóttsfundinn hjá Þóroddsstöðum sé upphafleg í sögunni gæti hún verið skrifuð nálægt miðri 14. öld.“ (639, 25. nmgr.). Þá drepur Óskar á aldur Grettlu í annarri grein frá 1982 og tekur þar undir þá skoðun Hermanns Pálssonar að sameinkenni Orms þáttar og Grettlu séu svo skýr að ekki verði undan því vikist að gera ráð fyrir rittengslum (1981:116-18) og telur þar komna mikilvæga vísbendingu um aldur sögunnar „sem aðeins er til í handritum frá lokum 15. aldar og síðar. Elsta handrit Orms þáttar er hins vegar Flateyjarbók, í þeim hluta hennar sem talinn er ritaður h. u. b. 1382-87. Þar sem texti þáttarins í Flat. er ekki frumrit og varla ritaður eftir

spjótisfund (e.t.v. nærri 1280) hafa því varla fæðst eftir 1270; við þá tölu má svo bæta eðlilegri lífslengd og þá fáum við 1320-50. Hér má gera fáeinar athugasemdir við þennan reikning enda þótt það sé að mestu óviðkomandi sambandi þeirra Sturlu og Grettis:

- 1) Ég hef reynt að átta mig á vitnisburði handrita á þessum stað með aðstoð Guðvarðar Más Gunnlaugssonar. Einsog vikið er að síðar í þessum lestri eru elstu og helstu handrit sögunnar þessi: *AM 551 a 4to (A)*, *AM 152 fol. (B)*, *AM 556 a 4to (C)* og *DG 10 fol. (D)*. B, C og D hafa feitletraða lesháttinn 'Spjótíð það sem Grettir hafði týnt fannst ekki á löngum tíma ...' umfram A og hann telst því 'upphaflegur' með venjubundnum rökum. Orðalagið 'í þeirra manna minnum er nú lífa' er sameiginlegt A, C og D (vantar í B, AM 150 fol. og AM 151 fol.) og telst með sömu rökum upphaflegt.<sup>1</sup> Það virðist því erfitt að færa textafræðileg rök gegn þessari tilvísun til núlifandi manna en jafnframt ljóst að elstu handrit sögunnar eru ekki samstiga um orðalag.
- 2) Það er eftirtektarvert að þeir sem skrifa söguna um 1500 (og síðar) taka orðalagið 'er nú lífa' óbreytt upp í sinn texta þó tilvísun til Sturlu geri þá menn heldur aldrada.<sup>2</sup> Ég hef látið mér til hugar koma að tilvísanir til 'þeirra manna er nú lífa' og Sturlu Þórðarsonar séu misgamlar:<sup>3</sup> upphaflega hafi ótilgreindur fróðleiksmaður fært í letur minnisgrein<sup>4</sup> um spjótisfund í myri og tímasett í minni núlifandi manna.<sup>5</sup> Þessi fróðleiksgrein kemur svo fyrir augu annars grúskara og yngri sem sér í hendi sér að hinir 'núlifandi menn' eru dauðir þannig að klausan dugir ekki sem tímasetning. Hann leggst því í reikning og kemst að þeirri niðurstöðu að spjótíð hafi fundist um 1280. „Þess vegna hirpar hann á spássú að spjótíð hafi fundist á ofanverðum dögum Sturlu lögmanns“ segir Helgi Skúli í fyrrnefndu rafréfi. Sá þriðji sem kemur að þessu verki er síðan höfundur þeirrar Grettlu sem nú er varðveitt og hann fellir tilvísun til Sturlu

frumtexta getur Grettla naumast verið yngri en frá fyrra hluta 14. aldar.“ (1982:34, 9. nmgr.). Mér þykir þó Óskar fara nokkuð hratt yfir þegar hann tekur undir 'niðurstöðu' Hermanns og fæ ekki ráðið af orðum Hermanns að hann vilji kveða uppúr um það hvor textinn er vitandi þó hann virðist hallari undir þá skoðum að sagan sé eldri (sbr. 1981:118-19). Hann segir m.a.: „Um fyrirmyndir beggja [þ.e. Grettlu og Orms þáttar, innsk. ÖT] getum við að vísu getið okkur til með því móti að vera þau saman við önnur varðveitt rit, en þar sem glataðar gerðir eru nú ekki tiltækar, þá verður ekki hægt að draga afdráttarlausar ályktanir af slíkum samamburði.“ (1981:118). Hér er ekki tómt til að meta hugleiðingar ofangreindra fræðimanna um tengsl Orms þáttar og Grettlu, en ég hef áður varað við ofnæmi á burðarþoli þeirrar miklu byggingar sem reist hefur verið með ritengslarannsóknum (1990).

- 1 Guðvarður Már stakk að mér þessari hugmynd í tölvupósti: „Ef það er raunin að báðar klausurnar eru upphaflegar, þá hlýtur maður að álykta sem svo að skrifari erki-A hafi fellt út orðin 'á löngum tíma' og skrifari erki-B hafi fellt niður orðin 'fyrir en í þeirra manna minnum er nú lífa' vegna þess að þeim hefur, hvorum um sig, fundist þetta óþörf klifun.“ (1994).
- 2 Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar er á tveimur stöðum áþekkt orðalag: a) „Það er allra manna mál, vína hans og óvína, að engi maður í Noregi hafi verið betur að sér ger um alla hluti en Sigurður [slembidjárn] í þeirra manna minnum er þá voru uppi en ógæfumaður var hann um suma hluti“ (Saga Inga konungs 12:777). Til samamburðar má hafa orðalag Morkinskinnu: „[...] að engi maður hefði gervari að sér verið en Sigurður um alla hluti svo að menn vití en þó hefir hann verið ógífumaður“. Þetta orðalag endurómar hér úr hinni fyrstu sögu, Hryggjarstykki Eiríks Oddssonar og þar hefur kannski upphaflega verið vísað til samtímamanna með áþekktum orðum og gert er nú í Grettlu: 'í þeirra manna minnum er nú eru uppi'. b) „En það var almæli að hann [Gregoríus Dagsson] hafi verið mestur höfðingi lendra manna í Noregi í þeirra manna minnum er þá voru uppi [...]“ (Hákonar saga herðibreiðs 14:810).
- 3 Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur las þennan lestur minn yfir og sendi mér skemmtilegt rafréfi um sögu spjótisins í mírinni sem ég styðst við í því sem hér segir. Kann ég honum bestu þakkir fyrir.
- 4 Ekki er víst að þessi fróðleiksgrein hafi spottið af áhuga á ævi og örlögum Grettis: hún kann t.d. að hafa tengst Landnámuritun eða samantekt um minnisverða atburði í sveitinni.
- 5 Aðrar heimildir en Grettla virðast nokkuð samstiga um að eigna Gretti víg Þorbjarnar óxnamegins. Þess er t.d. getið bæði í Landnámu og vísu Hauks Valdísarsonar í Íslendingadrápu. Í vísunni er þó ekki getið um spjótíð góða.

inn í texta sinn (m.a. til samræmis við aðrar slíkar) en lást lagfæra orðalag um núlifandi menn.

- B) Settist Grettir þar nú kyrrt. Þá hafði hann fimmtán vetur eða sextán í sekt verið að því sem Sturla Þórðarson hefir sagt.

(69:1062)

Sigurður Nordal færir að því nokkur rök að tímatalssákvæði þetta stingi í stúf við innra tímatal sjálftrar sögunnar (og styðst þar við útreikning Guðna Jónssonar (1936)) og honum finnst ósennilegt að höfundurinn hefði „farið að búa slíkt til, nota nafn Sturlu til þess að gera sitt eigið tímatal tortryggilegt. Og hann hefði ekki farið að halda því á lofti, nema það hefði verið skrifað“ (1938:11-12). Hér er ekki tómt til að fjalla ítarlega um tímatal Grettlu heldur látið duga að vísa til greinargerðar Kolbrúnar Haraldsdóttur (1986) sem efast mjög um ályktanir þeirra Guðna og Sigurðar. Þó má nefna að skekkjur þær sem fræðimenn hafa fundið með nákvæmri athugun virðast mér heldur smávægilegar og tímatal sögunnar gengur ágætlega upp, sé við það miðað að ár Grettis í útlegð séu talin frá því hann fyrst var dæmdur sekur fyrir að veða Skeggja eftir deilu um bitabox og þar til hann hrökklast í hamraborg sína í Skagafirði til þess eins að deyja einsog hver annar píslarvottur. Grettir er dæmdur í þriggja ára útlegð fimmtán vetra gamall eða sextán. Þessa þrjá vetur er hann í Noregi, þá einn vetur heima og annan í Noregi (5). Eftir það taka við útlegðarárin heima (14) og loks hinn síðasti vetur Grettis þegar hann virðist vera á 36. aldursári. Mér finnst raunar aðdáunarvert hversu vel höfundi tekst að halda skikk á framrás tímans í sögu sinni, og ekki er víst að öll skáldverk frá síðari öldum stæðust þann hreinsunareld sem fræðimenn hafa stundum sent hann í með sögu sína.

- C) Skeggi, son Gamla en mágur Þóródds drápuþúfs en systurson Grettis, fór norður til Skagafjarðar með atgangi Þorvalds Ásgeirssonar og Ísleifs mágs hans, er síðan var biskup í Skálholti, og samþykki alls almúga og fékk sér skip og fór til Drangeyjar að sækja lík þeirra bræðra, Grettis og Illuga, og færðu út til Reykja á Reykjaströnd og grófu þar að kirkju. Og er það til marks að Grettir liggur þar að um daga Sturlunga er kirkja var færð að Reykjum voru grafin upp bein Grettis og þótti þeim geysistór og þó mikil. Bein Illuga voru grafin síðan fyrir norðan kirkju en höfuð Grettis var grafið heima að Bjargi að kirkju.<sup>1</sup>

(84:1084)

Beinafundur og flutningur kemur við sögu í sex Íslendinga sögum, þ.e. Bjarnar sögu (9:86), Eglu (89:517), Eyrbyggju (65:623-24), Flóamanna sögu (35:774), Grettlu<sup>2</sup> og Laxdæla sögu (76:1652),<sup>3</sup> og „virðist eðlilegt að líta á þetta efni sem bókmenntaminni“ einsog Bjarni Einarsson kemst að orði (1987:110).<sup>4</sup> Hann segir einnig: „Hafi verið til eldri gerð af Grettlu, bendir orðalagið *um daga Sturlunga* til að beinaupptökufrásögnin sé ekki eldri en varðveitta gerðin“ (1987:112).

- D) Hefir Sturla lögmaður svo sagt að enginn sekur maður þykir honum jafnmikill fyrir sér hafa verið sem Grettir hinn sterki. Finnur hann til þess þrjár greinir. Þá fyrst að honum þykir hann vitrastur verið hafa því að hann hefir verið lengst í sekt einhver manna og varð aldrei unninn meðan hann var heill. Þá aðra að hann var sterkastur á landinu sinna jafnaltra og meir laginn til að koma af afturgöngum og reimleikum en

1 Þessi tilvísun til Sturlunga er aðeins í öðrum handritaflokki sögunnar, A-flokki (þ.e. AM 551 a 4to, AM 556 4to), ekki í þeim sem kallaður er B-flokkur (AM 152 fol, Delagardie 10 fol).  
2 Hér má einnig nefna beinaflutning Grettis þegar hann færir „tveggja manna bein“ úr fosselli í Bárðardal til kirkju og lætur fylgja með rúnakefli þar sem „vísur þessar voru forkunnlega vel á ristnar“ (66:1057-58).  
3 Þar eru „blá og illileg“ bein sem finnast undir kirkjugólfi eftir draumfarir Herdísar Bolladóttur og eru „færð langt í brott þar sem síst var manna vegur“ (76:1652).  
4 Sbr. þó Rolf Heller 1984:95-106.

aðrir menn. Sú hin þriðja að hans var hefnt út í Miklagarði sem einskis annars íslensks manns og það með hver giftumaður Þorsteinn drómundur varð á sínum efstum dögum, sá hinn sami er hans hefndi.

(93:1095)<sup>1</sup>

Þessi tilvísun til Sturlu lögmanns er ein veigamesta röksemd Sigurðar Nordals fyrir hinni eldri Grettlu. Honum þykir ósennilegt að þar sé vísað til munnlegrar heimildar, „gegn því mælir hin lærdómslega sundurgreining dómsins (pro primo, pro secundo, pro tertio)“ (1938:10). Sú þrítækning kemur þó víðar fyrir í sögunni án þess að tengt verði við Sturlu eða rakið verði til ritaðrar heimildar, enda alþekkt stíflbragð.<sup>2</sup> Þegar Vermundur mjóvi spyr sína Þorbjörgu digru hvers vegna hún hafi gefið Gretti líf svarar hún einsog mælskusnillingur:

„Margar greinir voru til þess.“ sagði Þorbjörg. „Það fyrst,“ segir hún, „að þú munt þykja meiri höfðingi en áður er þú áttir þá konu er slíkt þorði að gera. Þá mundi það og ætla Hrefna frændkona hans að eg mundi eigi láta drepa hann. Það hið þriðja að hann er hinn mesti afreksmaður í mörgum greinum.“

(52:1035).

Þau Sturla og Þorbjörg telja að vísu ekki upp sömu þrjú atriðin en aðferðin er sú sama. Og klausan sem höfð er eftir Sturlu er keimlök tilvísun til Styrmsis fróða við lok Harðar sögu:

Segir og svo Styrmir prestur hinn fróði að honum þykir hann hafa verið í meira lagi af sekum mönnum sakir vísu og vopnfimi og allrar atgjörvi, hins og annars að hann var svo mikils virður útlendis að jarlinn í Gautlandi gifti honum dóttur sína, þess hins þriðja að eftir engan einn mann á Íslandi hafa jafnmargir menn verið í hefnd drepnir og urðu þeir allir ógildir.

(41:1296).

Þórhallur Vilmundarson hefur ítarlegast fjallað um samband Grettlu og Harðar sögu í formála sínum að útgáfu þeirrar sýðarnefndu (1991:xxiii-xxvi, xlix-l, o.v.). Hann tekur undir sjónarmið Sigurðar Nordals um að Sturla Þórðarson hafi sett saman elstu gerð Grettis sögu og honum finnst líklegt að Sturla hafi þekkt frumgerð Harðar sögu eftir Styrmi fróða og „sniðið ummæli sín eftir ummælum Styrmsis“ (1991:xliv; sjá og xxiii-xxvi). Hann rekur einnig margvíslegan skyldleika sagnanna um efnisatriði; hvernig lífshlaup og örlög þessara tveggja skógarmanna virðast fara saman í ýmsu tilliti, bendir á fáein orð fátíð sem fyrir koma í báðum sögum,<sup>3</sup> og segir síðan:

- 1 Óskar Halldórsson (1977:636 o.v.) telur meginhlutverk þessara orða vera „að leggja sýðustu áherslu á nokkur helstu atriði goðsagnarinnar“ um Gretti. Hann fellir engan dóm um það hvort Sturla hafi sett saman frum-Grettlu en af orðum hans má ráða að þessi tilvísun þurfi ekki að henda til þess: hér talar höfundur verksins og áréttar grunnstef þess, og til þess að sá málflutningur hefði viðeigandi þunga grspur hann til þekktis og trausts höfundar frá fyrri tíð og leggur honum orð í munn.
- 2 Og raunar í fleiri sögum, t.d. í ræðu Ófeigs bragðakarlís í Bandamanna sögu: „En hvað er sannara eða réttara en dæma hinn versta mann sekjan og dræpan og firndan allri björg, þann er sannreyndur er að stuld og að því að hann drap saklausan mann, Vala. En það hið þriðja er að fellur eiðurinn má kalla nokkuð sveigt.“ (6:10)
- 3 Þórhallur nefnir sjö orð, þar af er eitt í vísium. Sá texti þessara sagna sem hann styðst við er annar en sá sem mér er tiltækur á tölvu þannig að ég fann ekki öll þessi orð í báðum sögum. Þau sem ég fann fylgja hér á eftir og jafnframt dæmi úr öðrum sögum: andvirki (Eybyggja 30:574, Grettla 31:1003, Harðar saga 21:1276, Valla-Ljótis saga 3:1832, Víga-Glúms saga 7:1916 og Bolla-Þáttur 1:2091), kifinn (Grettla 37:1013, 45:1021, Harðar saga 21:1275), óverkan (Grettla 46:1023, Harðar saga 21:1276, Hrafnkels saga 9:1406), umgangur (Eyrbyggja 27:568, Grettla 19:982, Harðar saga 13:1266). Þau orð sem aðeins koma fyrir í Grettlu og Harðar sögu en engum öðrum sögum eru hins vegar þessi: einkanlega,

Fyrirfram mætti virðast líklegra, að stærri og rismeiri sagan, sem gerist í stórbrotnara umhverfi (Grettis saga), sé fyrirmynd hinna. Til hins sama ætti að benda, að Grettir Ásmundarson var að fornu miklu þekktari persóna en Hörður Grímkelsson og að hans er fyrr getið. Í Íslendingadrápu Hauks Valdsarsonar, sem Jónas Kristjánsson telur að öllum líkindum ort á 12. öld, er vísa, þar sem segir frá því, að Grettir vó Þorbjörn ðxnamegin í hefnd fyrir bróður sinn. Grettir er og víða nefndur í ættartölum og fornsögum, og vísur eru tilfærðar eftir hann í Landnámu og Snorra-Eddu. Hins vegar er Hörður Grímkelsson hvergi nefndur nema í Harðar sögu og Landnámu, þar trúlega eftir frumgerð sögunnar, svo og í hinni ungu Bárðar sögu. Harðar saga mætti þess vegna vera smækkuð eftirmynd Grettis sögu.

(1991:xxiv)

Gegn lokaályktun Þórhalls virðist þó mæla varðveisla og aldur sagnanna tveggja: sú Grettis saga sem nú er varðveitt er miklu yngri en sú frumgerð Harðar sögu sem virðist vísað til í Sturlubók Landnámu og Þórhallur telur ritaða fyrir 1245. En Grettis saga spratt ekki fullsköpuð úr höfði höfundar svo seint sem varðveisla hennar virðist benda til. Sé það haft í huga sem og frægð Grettis í ýmsum fornum heimildum<sup>1</sup> virðist ekki fráleitt að ætla Harðar sögu saman setta undir áhrifum frá Grettli í einhverri mynd; munlegum eða rituðum heimildum um útleð Grettis og Drangeyjarvist. En Þórhallur vill líka gefa gæm að hinum kostinum:

að Harðar saga hafi haft áhrif á Grettis sögu og þaðan sé m. a. runnin hugmyndin um Drangeyjarvist Grettis og sund hans til lands. Það kæmi óneitanlega vel heim við það, sem vitað er með nokkurri vissu um ritunartíma frumgerða sagnanna tveggja: Styrmir ritaði að líkindum Harðar sögu sína nokkrum áratugum áður en Sturla Þórðarson setti saman eldri gerð Grettis sögu.

(1991:xxv)

Þórhallur telur að frásögnin um útleð Grettis í Drangey sé vísat uppspuni enda sé ekkert örnefni nefnt í Grettli sem tengist veru þeirra bræðra í eyinni<sup>2</sup> og hvergi vikið að henni í kveðskap eða ritum (t.d. ekki í Íslendingadrápu): og hann kemst að þeirri niðurstöðu að Harðar saga sé fyrirmynd Grettli um Drangeyjarðvöl og

gæfusamlega, víslega, meginflótti, harðleikinn (fá harðleikið), kifinn, opineygur, óverkan, menjagripur.

- 1 Grettis er getið í fjölmörgum heimildum öðrum en sögunni og má hér geta hinna helstu: a) Bandamanna saga (M 2:2, K 2:27), b) Bárðar saga (11:59), c) Bjarnar saga (19:100), d) Eyrbyggja saga (62:617), e) Fóstbræðra saga (1:775, 7:788, 13:807), f) Gísla saga (S 22:876, L 22:930), g) Laxdæla saga (40:1592), h) Ljósvetninga saga (C 1:1655, A 1:1717), i) Þórarins þáttur ofsa (1:2259), j) Sturlu saga (46:53), k) Landnáma (t.d. S161:199, S173:211, S250:280), l) Íslendingadrápa Hauks Valdsarsonar, m) Skáldskaparmál Snorra-Eddu (1984:160), n) Gottskálks annáll (sbr. Guðni Jónsson 1936:xxx). Að vísu segir ekki margt af Grettli í þessum heimildum en það litla sem er kemur ágætlega heim við frásögn Grettli. Guðni Jónsson telur að fjöldi heimilda sýni svo ekki verði um villst að „[...] Grettir hefir verið frægur í sögum og nafn hans alkunnugt, og í annan stað, að höfuðdrættirnir í ævi hans, eins og frá þeim er sagt í Grettis sögu, hafi við söguleg rök að styðjast.“ (1936:xxx). Ég get tekið undir fyrri ályktun Guðna en fæ ekki séð að sú síðari standist sé hún borin upp við ljós: heimildir greina ekki frá öðru í ævi Grettis en því að hann hafi ort vísur, verið kallaður hinn sterki, hafst lengst allra manna við í útleð, vegið Þorbjörn í hefnd eftir Atla, þreytt afraunir með Birni Hítðælakappa og dvalið í Grettisbæli, kallsað við þá fóstbræður Þorgeir og Þormóð Kolbrúnarskáld og loks að Þorbjörg digra hafi bjargað honum úr snöru smábænda í Vatnsfirði. Þetta geta ekki talist 'höfuðdrættir' í líffshlaupi Grettis einsog því er lýst í Grettli. Á hinn bóginn gengur höfundur sögunnar hvergi í berhög við aðrar heimildir heldur nýfir hann þær til að styrkja sögu sína, treysta trúverðugleika hennar: úr því Guðni Jónsson telur lýsingu hans eiga við 'söguleg rök' að styðjast, má ætla að það hafi áheyrendur á fyrri öldum gert líka. Það er ekki unnt að setja jafnaðarmerki milli 'sögulegra' sanninda og munnmælasagna; enda þótt frásagnir af einstaklingum eða atburðum stingi víða upp kollu og ekki verði lesnar augljósar þversagnir úr þeim felur það ekki sjálfkrafa í sér að þær frásagnir séu sannferðugar eða 'hafi við söguleg rök að styðjast'.
- 2 Hér má þó nefna 'Hæringshlaup' þar sem Hæringur hljóp ofan fyrir bjargið (76:1070).



Drangeyjarsund (xxvi). Hann vfkur einnig að venslum sagnanna þegar hann veltir fyrir sér höfundu Harðar sögu og ritunartíma hennar og leiðir líkur að því að fyrrnefndur höfundur frumgerðar, Styrmir fróði, sem vann að sögunni á „Viðeyjarárum sínum 1235-45“ (xlviii), „hafi þekkt sagnir um Gretti frábrugðnar frásögn Grettis sögu og kunnað vísur, sem Gretti voru eignaðar“ (1). Þórhallur leiðir síðan saman þá Sturlu Sighvatsson, Aron Hjörleifsson, Gísla Súrsson og Hörð Grímkelsson og færir að því rök að persónur og samtíðaratburðir á öld Sturlunga hafi kveikt frásagnir af afrekum þeirra tveggja skógarmanna sem síðar eru taldir, og frásögnin af Gretti í Drangey sé upphaflega sprottin af virkisgerð Sturlu í Geirshólma í Hvalfirði en áhrifin hafi orðið í gegnum Harðar sögu (lxvii). Vekja má á því athygli að hér er gert ráð fyrir ritsambandi milli tveggja glataðra gerða sem vísast hafa verið nokkuð frábrugðnar þeim sögum sem nú eru varðveittar; og aldrei verður upplýst hvernig voru. Í annan stað vekur það grunsemdir að þessar frumgerðir skuli eignaðar tveimur af þekktustu fræðimönnum 13. aldar; það hljóta og að teljast haldlítill rök fyrir háum aldri sagna þó vitnað sé til fræðaöldunga í þeim.

Þórhallur gerir ráð fyrir því að ummæli Sturlu um Gretti dauðan séu soðin uppúr orðum Styrmis fróða einsog nefnt var hér að framan. Sverrir Tómasson vfkur víða að tilvísunum til lærdómsmanna í hinu mikla riti sínu um formála íslenskra sagnaritara á miðöldum (1988). Hann færir að því rök að oft megi kalla slíkar klausur ritklif; t.d. þegar vísað er til frásagnar ‘gamalla manna’ í formálum: þá sé höfundur með vissum hætti að skjóta sér undan ábyrgð eða firra sig gagnrýni; um leið og „hann höfðar vísvitandi til þeirrar oftrúar sem miðaldamenn höfðu á öllu gömlu“ (1988:227).<sup>1</sup>

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum er því sú, að sé unnt að gera ráð fyrir því að tilvísanir til Sturlu Þórðarsonar séu ‘upphaflegar’ í sögunni en ekki viðbót skapandi skrifara, þá þurfi þær ekki að vera annað en ritklif, uppspuni höfundar sem vill auka traust áheyrenda á sögu sinni, láta í það skína að hún standi á gömlum merg, byggi á ‘auctores’.<sup>2</sup> Á hinn bóginn má vel vera að Sturla hafi sett saman einhverja sögu um Gretti Ásmundarson sem varðveist hafi fram á daga þess sem söguna samdi í núverandi mynd: hafi svo verið má telja nokkuð víst að sú Grettla hefur verið býsna ólík þeirri sem nú er varðveitt í handritum.

## II

Áður en ég vfk að orðafræðum vil ég leggja lykkju á leiðina og rekja vitnisburð handrita um aldur Grettlu.<sup>3</sup> Sagan er varðveitt á allnokkrum skinnbókum en engin

- 1 Sbr. einnig: Sverrir Tómasson. (1977:47-78). Hann segir þar á einum stað að ekki sé „unnt að treysta ummælum bak- eða fortítla, eftir- eða formála [um heimildarmann eða höfund verks], nema því aðeins að til komi önnur vitneskja eða innri rök sem styðja gildi heimildarinnar.“ (1977:62).
- 2 Sú er og niðurstaða Kolbrúnar Haraldsdóttur (1986) sem segir í niðurlagsorðum greinar sinnar: „Kenningin um rit um Gretti eftir Sturlu Þórðarson virðist runnin upp úr tvenns konar jarðvegi. Í fyrsta lagi er hún afsprengi ákveðinnar bókmenntaskoðunar, sem taldi allt viðauka og innskot, er ekki samrýmdist fyrirfram gefnum hugmyndum um klassískar Íslendingasögur. Í öðru lagi sýnist hún sprottin af löngun til að finna frambærilegri höfund en hið innantónna nafn bókmenntalega séð, síra Hafliða Steinsson á Breiðabólstað, sem Guðna Jónssyni hafði tekizt að grafa upp. Illu heilli er galli á gjöf Njarðar: Ekki tekst að gera Sturlu að höfundu Grettis sögu, nema gera ráð fyrir, að saga hans sé glötuð. M.ö.o. hér höfum við höfund, en enga sögu“ (1986:51).
- 3 Varðveisla íslenskra miðaldabóka er þó með þeim alkunnu ósköpum að handrit geta aldrei talist örækur vitnisburður um aldur þeirra. Það er þó umbugsunarvert að þrjár sögur sem lengi voru taldar gamlar hafa yngst mikið undanfarna áratugi og færst nær elstu handritum

þeirra er eldri en frá síðasta fjórðungi 15. aldar.<sup>1</sup> Venja er að skipta Grettlu-handritum í tvo flokka, A-flokk og B-flokk. Munur þessara flokka er þó ekki svo mikill að fræðimenn tali um fleiri en eina gerð sögunnar; helst er hann fólginnt í orðalagsmun og stíls auk þess sem handrit af A-flokki hafa fáeinir klausur umfram handrit af B-flokki einsog fram kom hér að framan; þessar tvær fróðleiksgreinar eru þeirra merkastar:

Lét Grettir þann veg líf sitt, hinn vaskasti maður er verið hefir á Íslandi, vetri fátt í hálfimmtugum er hann var veginn. En þá var hann fjórtán vetra er hann vó Skeggja, hið fyrsta víg, og þá gekk honum allt til vegs og frama til þess er hann átti við Glám þræl og var hann þá tuttugu vetra. En er hann féll í útleög var hann hálfþrítugur. En í sekt var hann vel nítján vetur og kom oft í stórar mannaunir og hélt ávallt vel trú sína úr því sem ráða var. Sá hann flest fyrir þó að hann gæti eigi að gert.

(82:1080)

Skeggi, son Gamla en mágur Þóródds drápuþófs en systurson Grettis, fór norður til Skagafjarðar með atgangi Þorvalds Ásgeirssonar og Ísleifs mágs hans, er síðan var biskup í Skálholti, og samþykki alls almúga og fékk sér skip og fór til Drangeyjar að sækja lík þeirra bræðra, Grettis og Illuga, og færðu út til Reykja á Reykjaströnd og grófu þar að kirkju. Og er það til marks að Grettir liggur þar að um daga Sturlunga er kirkja var færð að Reykjum voru grafinn upp bein Grettis og þótti þeim geymslur og þó mikil. Bein Illuga voru grafinn síðan fyrir norðan kirkju en höfuð Grettis var grafið heima að Bjargi að kirkju.

(84:1084)

#### Helstu handrit flokkanna tveggja eru:

A-flokkur: *AM 551 a 4to* (53 bl., um 1500). Auk Grettlu eru Bárðar saga Snæfellsáss og Vígundar saga.

*AM 556 a 4to* (88 bl., 1475-1500). Þetta mun vera brot af stærra handriti en nú fylgja sögunni Sigurgarðs saga frækna, styttri gerð Gísla sögu og Harðar saga.

B-flokkur: *DG (Delagardie) 10 fol.* (55 bl., um 1500).

*AM 152 fol.* (201 bl., 1500-25). Auk Grettlu eru í þessu handriti: Hálfðanar saga Brönufóstra, Flóvents saga, Sigurðar saga þögla, Þórðar saga hreðu, Göngu-Hrólfis saga, Þorsteins saga Víkingssonar, Hektors saga, Hrólfis saga Gautrekssonar, Mágus saga og Gjafa-Refs saga.

Auk þessara má hér nefna fimmta skinnhandritið, *AM 571 4to* (12 bl., 16. öld) sem er brotkennt einsog blaðafjöldi gefur til kynna; þar eru þrjú brot Grettlu (7r-12v) auk brota af Ála flekks sögu, Hálfðanar sögu Brönufóstra og Þorsteins þætti bæjarmagns.

Þessi fimm ofantöldu handrit eru elstu handrit sögunnar og þau sem helst verða notuð við útgáfur. Sá texti sögunnar sem ég hef einkum stuðst við og prentaður er í útgáfu Svarts á hvítu (1985 og 1987) er sóttur í uppskrift Ólafs

sfnum: Fóstbræðra saga (sbr. Jónas Kristjánsson 1972), Heiðarvíga saga (sbr. Bjarna Guðnason 1993) og Bjarnar saga (sbr. Bjarna Guðnason 1994).

1 Við samningu þessarar stuttu greinargerðar studdist ég einkum við formála Guðna Jónssonar (1936: lxxv-lxxix), formála R. C. Boer fyrir sinni útgáfu (1900: xlv-l) og fyrirlestur Guðvarðar Mús Gunnlaugssonar á fornsagnabingi í Gautaborg (1991: 142-48). Aukinheldur á ég dálíttinn gagnabanka með helstu handritanúmerum Árnasafns, Handritadeildar Landsbókasafns og fleiri stofnana sem geyma íslensk handrit, og úr honum dró ég skrá yfir handrit Grettlu sem Guðvarður Mús var svo elskulegur að lesa fyrir mig og leiðrétta. Hann vinnur nú að rannsókn á handritum Grettis sögu og stefnir að stafréttri útgáfu sögunnar. Vonandi þurfum við ekki að bíða lengi eftir þeirri þörfu útgáfu og niðurstöðum rannsókna hans.

Halldórssonar handritafræðings á *AM 551 a 4to*, því sama handriti og þeir Boer og Guðni Jónsson lögðu til grundvallar sínum útgáfum. Ólafur hefur þó víða grillt betur í skinnið og leiðrétt eldri lestur með tilstyrk tækja sem áður voru ekki tiltæk.

Pappírshandrit Grettis sögu eru fjölmörg og mega vera til vitnis um miklar vinsældir sögunnar. Guðvarður Már Gunnlaugsson hefur víða farið í leit sinni að Grettlutextum og hann segir um afraksturinn:

Ialt har jeg fundet Grettis saga, strofer fra sagaen og citater hentede fra den i 90 håndskrifter og 12 trykte bøger ældre 1853, det år den første kritiske udgave udkom (inkluderet 5 yngre håndskrifter). En meget stor del af disse håndskrifter og trykte bøger er sekundære [...]. Af disse 90 håndskrifter indeholder 54 selve sagaen eller store dele af den, 9 håndskrifter indeholder Hafursgríð! [...], ét håndskrift indeholder et lille kapitel af sagaens 17 håndskrifter indeholder sagaens strofer [...], 7 håndskrifter indeholder citater eller ordbogsartikler hentede fra sagaen og i to håndskrifter er der uddrag af sagaen (begge på svensk).

(1991:142)

Megnið af hinum nýju handritum sem Guðvarður hefur grafið úr handritaskrámmun ekki skipta sköpum þegar sagan verður gefin út með vísindalegum hætti textafræðinga. En Guðvarður er þeirrar skoðunar að það 'stemma' sem Boer birtir í greinum sínum og formála sögunnar í útgáfunni frá síðustu aldamótum (og Guðni Jónsson virðist styðjast við) sé „ejendommelig“ og alltof flókið:

Efter kritisk gennemgang af Boers publicerede materiale er det klart at hans teorier om stemmaet for de 6 hovedhåndskrifter er så uklare at de må forkastes. De kan ikke danne et grundlag for en ny tekstkritisk udgave, men man må begynde næsten forfra igen.

(1991:147)

Það má því vera að sú Grettla sem þá skrífur fram verði önnur en sú sem við nú höfum milli handa.

Grettla virðist hafa notið mikilla vinsælda á sautjándu og átjándu öld eins og skráin hér á eftir vitnar um. Ég tel ekki með þau fjölmörgu handrit sem annaðhvort geyma vísur úr sögunni og skýringar við, Hafursgríð eða útdrátt úr Grettlu.

#### 1600-1700 (27 handrit):

*AM 150 fol.* (96 bl., um 1700), *AM 151 fol.* (60 bl., 1610-45), *AM 163 a fol.* (15 bl., 1650-82), *AM 163 b fol.* (33 bl., 1650-82; hluti sama hdr. og 163 a fol), *AM 426 fol.* (317 bl., 1680), *AM 476 4to* (254 bl., 1700), *AM 477 4to* (72 bl. 1650-1700), *AM 478 4to* (85 bl., 1600-1700), *AM 479 4to* (98 bl., 1700), *AM 480 4to* (93 bl. 1675-1700), *AM 558 c 4to* (74 bl., 1600-1700), *Lbs. 675 fol.* (191 bl., 1650-1700), *IB 52 fol.* (173 bl., 1700), *UBB Ms. 1491* (436 bl., 1755), *UppsUB R:698 pap. 4to* (106 bl., 1661), *UppsUB R:688 pap. fol* (80 bl., 1662-4), *UppsUB R:690 pap fol.* (114 bl., 1682), *UppsUB R:689 pap fol.* (156 bl., 1675), *Stock. papp. fol. nr. 15* (343 bl., 1684-88), *Stock. papp. 4to nr. 6* (385 bl., 1660-66), *Stock. papp. 4to nr. 27* (124 bl., 1650), *GKS 1002-3 fol.* (310 bl., 1650-92), *GKS 1019 fol.* (447 bl., 1660), *NKS 1147 fol.* (136 bl., 1650-1700), *Thott 1776 I 4to* (90 bl., 1680), *Br. Add. 11.127 fol.* (369 bl., 1696), *Ch.Ch.A2.11.29 pap.* (135 bl., ca 1700).

#### 1700-1800 (14 handrit):

*AM 153 fol.* (72 bl., 1711-1712), *AM 455 fol.* (446 bl., 1775-98), *AM 939 4to* (79 bl., 1700-1725), *Lbs. 203 fol.* (271 bl., 1720-50), *Lbs. 633 fol.* (581 bl., 1700-21), *Lbs. 2452 4to* (285 bl., 18. öld), *IB 45 fol.* (292 bl., 1735-36), *NKS 1714 4to* (410 bl., 1715), *Thott*

1 Á það má þó benda að Hafursgríð eru jafnframt í Heiðarvíga sögu og Grágás auk þess sem þau eru prentuð í *Alþingisbókum Íslands I* (1912-14:216-17) við árið 1573.

984 fol. II (778 bl., 18. öld), *Kall* 255 fol. (63 bl., 18. öld), *Kall* 610 4to (109 bl., 1712), *Kall* 611 4to (152 bl., 1704), *Uldall* 430 4to (130 bl., 18. öld), *Br. Add.* 11.112 4to (278 bl., 1700-1725)

Við þessa þulu má því bæta að algengt er í handritum sögunnar að hún fylgi 'ungum' Íslendinga sögum, öðrum útlagasögum og fornaldar- og riddarasögum<sup>1</sup> einsog Kirsten Hastrup vekur athygli á í grein sinni um vegferð Grettis frá fyrstu tíð og fram á okkar daga. Hastrup segir um varðveislu sögunnar:

Concerning the transmission of the saga three things are noteworthy: First, the saga is comparatively young [...], probably early 14th century, and the extant vellum manuscripts all date from c. 1500 or early 16th century. This probably points to a renewed interest in the saga at this particular point in time. Second, most of the manuscripts were written in those parts of the country that formed the main stage of Grettis saga and where his ætt belonged. Third, whenever the saga is found in conjunction with other narratives, these are all of a particular kind. If they are not dealing with outlaws, they are fornaldarsögur or romances. Thus, albeit classified as an Íslendingasaga by the literary historians of modern times, the scribes of the 15th-16th century Iceland made Grettis saga part of a distinct category of popular tales of outcasts, supernatural beings, and romantic figures.

(1986:287)

Rök fyrir því að Grettis saga sé eldri en frá 15. öld byggja nánast einvörðungu á tilvísunum sögunnar til Sturlu Þórðarsonar. Einsog rakið var hér á undan tel ég þær heldur ótrausta undirstöðu. Elstu handrit Grettlu eru frá því um 1500, þau eru fimm og munur þeirra ekki mikill. Ef aðeins væri tillit tekið til þeirra og beitt svipuðum rökleiðslum og Björn M. Ólsen og Einar Ólafur Sveinsson brugðu t.d. fyrir sig þegar þeir ætluðu aldur hinnar fyrstu Njálu um 1280 væri Grettli ekki meira en einum mannsaldri eldri; e.t.v. sámin skömmu eftir aldamótin 1400.

Það hefur lengi verið skoðun mín að röksemdir fyrir háum aldri Íslendinga sagna væru einatt pólitískar ef svo má að orði komast; byggðar á sterkum vilja okkar til að gera Íslendinga sögur eins gamlar og framast er unnt, helst koma þeim öllum á þjóðveldisöld.<sup>2</sup> Hér er ekki ráðrúm til að fjalla um þau efni: aðeins stungið upp á því að aldur handrita og fjöldi þeirra frá 15., 16., 17., og 18. öld, Grettisfærsla, sem e.t.v. fylgdi sögunni frá upphafi, og Grettisrímur<sup>3</sup> séu vísbending um ungan aldur Grettlu:<sup>4</sup> í þá átt benda einnig þau fjölmörgu unglegu

1 Um samför útilegusagna má taka þrjú dæmi: *AM* 556 a 4to (Grettla, Gísla saga og Harðar saga) frá síðasta fjórðungi 15. aldar, *fB* 52 fol. (Grettla og Gísla saga) frá því um 1700 og *Thott* 984 fol. (Grettla Harðar saga og Gísla saga) frá 18. öld. Hér má enn taka fáein dæmi: Í *AM* 163 a-b fol. (1650-82) eru Gunnars saga, Þórðar saga hreðu, Orms þáttur Stórolfssonar og Vatnsdæla saga; í *Lbs.* 675 fol. (1650-1700) eru Trójumanna saga, Sigurðar saga þögla, Göngu-Hrólfis saga, Bragða-Mágus saga, Flóvents saga, Þorsteins saga Víkingssonar, Hektors saga, Gautreks saga og Gjafa-Refs saga, Hrólfis saga Gautrekssonar, Þórðar saga hreðu; í *UBB ms.* 1491 (1755) eru Þórðar saga hreðu, Fertrams saga og Plató, Jökuls þáttur, Jarlmanns saga, Hálfðanar saga Eysteinsonar, Sigurðar saga þögla; í *Kall* 611 4to (1700) eru Ketils saga hængs, Órvar-Odds saga, Hálfðanar saga Brönufóstra, Þorsteins saga Víkingssonar. Svo virðist sem skrifurum hafi snemma þótt Grettla eiga mesta samleið með útilegumönnum (Gísla og Herði), þáttum af kraftamönnum (Jökli og Ormi), fornaldarsögum (ekki hvað síst sögum af Hrafnistumönnum) og Íslendinga sögum sem ímasettar hafa verið á 14. öld eða síðar.

2 Um það fjalla ég m.a. í greininni: Leitín að landinu fagra (1990:28-53).

3 Finnur Jónsson (1905) og Björn K. Þórolfsson (1934) hafa báðir komist að þeirri niðurstöðu að texti þessara rímnna sé skyldastur *AM* 556 a 4to. Í þeim segir frá æsku Grettis (14:968) og lífshlaupi fram til þess að hann snýr heim úr fyrri Noregsferð sinni (24:994).

4 Í þeirri grein Kirstenar Hastrup, sem vitnað var til hér að framan, skiptir hún göngu Grettis um aldirnar í nokkur þrep. Um hið þriðja segir hún: „The third stage of interest in Grettir can

tökuorð sem finna má í sögunni og vikið verður að hér á eftir, og raunar önnur rök af máli, stíl og frásagnarhætti. Það er því ekki víst að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir 'endurvöktum áhuga' á Grettlu um 1500 einsog Kirsten Hastrup ætlar; vera kann að þá hafi sagan í þeirri mynd sem við nú þekkjum hana verið að slíta barnsskónum og það hafi ekki liðið langar stundir frá því að hún var fyrst fest á skinn þartil hún var orðin eftirlæti skrifara.

### III

Sá hluti sem hér fer á eftir er fyrst og fremst rammi utanum fáeinar töflur sem fyllt verður í sðar með frekari fróðleik um orðaforða Sturlunga sögu. Þá verður jafnframt hugað að skyldleika Íslendinga sögu eftir Sturlu við Grettlu og aðrar Íslendinga sögur.

a) Orðaforði Íslendinga sagna: Eftir að skipan var komið á orðaforða Íslendinga sagna og hann 'lemmaður' undir forystu Eiríks Rögnvaldssonar prófessors er unnt að kanna tíðni og dreifingu orða og orðalags og orðafar einstakra sagna. Það kom nokkuð á óvart hversu líttill orðaforði sagnanna allra reyndist, einungis ríflega 12.400 orð.<sup>1</sup> Og sá orðaforði sem einstakir sagnameistarar þurfa til að segja sögur sínar er að því er virðist helmingi minni en starfsbræður þeirra brúka til að setja saman skáldsögur og ævisögur á vorum dögum. Á fyrstu töflunni hér á eftir eru ýmsar almennar upplýsingar um orðaforða Íslendinga sagna og orðtíðni. Þar vekur athygli að mestur áhugamaður um orð er höfundur Grettis sögu sem notar heldur fleiri orð en höfundur Njálu sem þó yrkir þriðjungi lengra verk.

b) Sérórð: Forvitnilegt er að velta fyrir sér skiptingu orðaforðans á sögur: þ.e. hversu stór hluti hans er sameign bókmenntategundarinnar og hversu mörg orð eru bundin við eina sögu, eru það sem kalla má 'stakorð' eða 'sérórð'. Sem fyrr sagði er orðaforði Íslendinga sagna um 12.400 orð. 5.842 þessara orða, u.þ.b. 47%, eru 'sérórð', þ.e. koma aðeins fyrir í einum texta og yfirleitt aðeins einu sinni. Og þá má nefna að 0,56% orðaforðans (70 orð) er um 60% af öllum lesmálsorðum (heildarfjöldi þeirra er um 880 000).<sup>2</sup> Á töflu 2 eru upplýsingar um

---

be located about 1500. This is when the extant parchment manuscripts were written, and when the oldest *Grettisrímur* were circulating. It is also when the obscene poem *Grettisfærsla* becomes linked to the 'historical' Grettir, even if actually younger than the first *Grettis saga*. At this time there is also a marked occurrence of Grettir as a personal name. What happens to the image of Grettir at this point in time is very interesting. He is definitively defined as a man, i.e. of sexual potency [...]. So, Grettir is distinctly of this world, while also emerging as a boundary figure at a more general level. The historical background is disappearing, and the temporal distance to Grettir blurred accordingly. Grettir is now concurrently seen as a *fulltekinn karl* [...], as the scribe of AM 152, fol., puts it [...], and his spatial connexion with the Icelanders is stressed at the expense of his temporal distance, as when the scribe of AM 551 A, 4to, closes the saga with describing Grettir as *vár samlandi* [...]. About 1500, Grettir is certainly 'one of us' if still an 'other'." (1986:306).

- 1 Í þeirri tölu eru hvorki sérnöfn (mannanöfn og staða) né orðfæri úr vísium. Þá verður að taka hér fram að tölur eru birtar með fyrirvara; þær kunna að breytast lítillega þegar gengið hefur verið frá orðstöðulykli sagna í endanlegri mynd.
- 2 Lesmálsorð (LEM) eru orð í þeirri merkingu sem algengust er, þ.e. hvert orð sem fyrir kemur, hvort sem það kemur aðeins einu sinni fyrir eða oftar. Í Grettlu eru t.d. 61.205 LEM, við gætum líka sagt Grettlu ríflega 60.000 orða langa. Orðmyndir (OM) eru mismunandi LEM; í Grettlu eru 7.385 OM. (Þegar tilgreindur er fjöldi OM í sögum, hvort sem um er að ræða einstakar sögur eða allar, er það jafnan gert án tillits til orðflokka. Þannig er heildartalan 34.566 heldur lægri en yrði ef samhljóða OM ólíkra orðflokka væru aðgreindar.) En þessar mismunandi OM, t.d. í Grettlu, eru ekki hvað síst ólíkar myndir sömu uppflettiórða einsog við þekkjum þau úr orðabókum, flettiórða eða 'lemma'. Hér er 'orð' notað í þessari merkingu og þá verður t.d. orðaforði Grettluhöfundar 3.229 orð.

Þessi sérörð. Á henni er jafnframt tilgreindur fjöldi þeirra orðmynda sem aðeins koma fyrir í einum texta, hlutfall sérörða af orðaförða hverrar sögu og loks er dálkur sem sýnir fjölda þeirra í hverjum tíuþúsund lesmálsorðum. Langflest sérörð koma aðeins fyrir einu sinni í texta einsog nefnt var hér að framan þannig að sú aðferð virðist ekki fráleit til að finna heppilegan samanburðargrunn fyrir mislangar sögur. Hitt ber svo að undirstrika að sagnagerð og skáldskapur annar er sem betur fer aldrei vérlænn eða línulegur: ekki er víst að hlutfallstala sérörða í Bárðar sögu Snæfellsáss hefði haldist ef höfundur hennar hefði lengt hana til jafns við Grettlu. Í töflunni er sögum raðað eftir síðasta dálki.

Erfitt er að túlka þessar tölur án víðtæks samanburðar við aðra íslenska miðaldertexta. Ef frá eru taldar þær sögur sem vistaðar eru í fleiri en einni gerð og þeir tveir þættir sem fljóta með má skipta sögunum 35 sem eftir standa í þessa flokka:

1.	40,1-50 / 10.000	Droplaugasona saga, Reykdæla saga, Þórðar saga hreðu, Gull-Þóris saga
2.	50,1-60 / 10.000	Brennu-Njáls saga, Flóamanna saga, Gunnlaugs saga, Þorsteins saga hvíta, Svarfdæla saga, Hænsna-Þóris saga
3.	60,1-70 / 10.000	Víga-Glúms saga, Bjarnar saga Hítadælakappa, Finnboga saga, Kjalnesinga saga, Vopnfirðinga saga, Laxdæla saga, Fóstbræðra saga, Hávarðar saga Ísfirðings
4.	70,1-80 / 10.000	Egils saga, Heiðarvíga saga, Kormáks saga, Harðar saga, Grænlandinga saga, Víglundar saga
5.	80,1-90 / 10.000	Vatnsdæla saga, Hrafnkels saga, Ölkofra saga, Fljótsdæla saga, Eyrbyggja saga
6.	90,1-100 / 10.000	Valla-Ljóts saga, Grettis saga
7.	100,1 - / 10.000	Þorsteins saga Síðu-Hallssonar, Króka-Refs saga, Eiríks saga, Bárðar saga Snæfellsáss

Flestar Íslendinga sögur hafa 50-80 sérörð að meðaltali í hverjum tíuþúsund orða löngum búi, 22 sögur af 36 (61%). Þar í sveit eru sögur af ólíkri lengd (t.d. Njála og Þorsteins saga hvíta) og misgamlar (t.d. Egils saga og Hávarðar saga). Þó vekur athygli að sögur sem oft hafa verið taldar ungar raða sér margar beggja vegna við miðjuna: lágur eru t.d. Gunnars saga, Gull-Þóris saga, Þórðar saga, og Reykdæla saga (og Droplaugarsona saga sem margir hafa talið gamla), háar eru á hinn bóginn Ölkofra saga, Fljótsdæla saga, Valla-Ljóts saga, Króka-Refs saga, Bárðar saga Snæfellsáss og Grettis saga. Engin saga hefur þó fleiri sérörð en Grettla, engin fleiri sérörð sé tillit tekið til lengdar en Bárðar saga.

Mörg þeirra orða sem kalla má sérörð í Íslendinga sögum koma fyrir í öðrum fornritum: í konungasögum, samtíðarsögum, helgisögum, riddarabókmenntum og lagatextum einsog sannreyna má með því að fletta upp í stórvirki norska prestsins Johans Fritzens (1883-96) eða seðlasafni Árnanefndar í Kaupmannahöfn. Ég hef ekki lagt orðanet í þá texta að nokkru gagni en vífast má greina áhugamál og lærdóm höfunda með slíkri athugun.<sup>1</sup> Þá mætti enn víkka rannsóknarvöllinn með

<sup>1</sup> Einsog þegar hefur komið fram hef ég kannað orðarím í Grettis sögu og Sturlungu án þess að endanlegar niðurstöður liggja fyrir. Hér má þó nefna að um 60 sérörð Grettlu fundust í samsteypunni (þá eru ekki taldar með sagnir en við lauslega athugun virðast um 9 af 55 notaðar í Sturlungu). Sum þessara sérörða koma fyrir í fleiri í einni sögu Sturlungu en ef dæmafjöldinn er dreginn saman er skiptingin á einstakar sögur þessi (heilðarfjöldinn er ríflega 80): Íslendingasaga (27), Þorgils saga skarða (16), Þórðar saga kakala (10), Sturlu saga (8), Þorgils saga og Hafliða (6), Guðmundar saga dýra (6), Prestssaga Guðmundar Arasonar (4), Sturlu þáttur (2), Svínfellinga saga (2), Hrafnas saga (1). Sambærilegar tölur um sérörð Laxdælu eru þessar (heilðarfjöldinn er tæplega 60): Íslendingasaga (21), Guðmundar saga dýra (9), Þorgils saga skarða (7), Prestssaga Guðmundar Arasonar (6), Þórðar saga kakala (5), Þorgils saga og Hafliða (4), Svínfellinga saga (3), Sturlu saga (2) Sturlu þáttur (1), Hrafnas saga (1).

því að taka þau orð með í reikninginn sem höfundar einstakra sagna nota í annarri merkingu en þeirri sem vanabundin er, merkingarleg nýmæli eða sérvisku. Það hef ég heldur ekki gert enda viðameiri rannsókn en hér er lagt í. Það varðar líka skilgreiningu hugtaksins 'sérórð' hvort ekki mætti fella þar undir þau orð sem höfundar sagna eða skrifarar hafa sérstakar mætur á; dálætisorð.<sup>1</sup> Hér má taka þrjú dæmi um slík orð úr Grettlu. Sagnorðið 'nenna' kemur fyrir í 30 Íslendinga sögum<sup>2</sup> og fimm Íslendinga þáttum.<sup>3</sup> Sé litið til annarra þeirra fornrita sem mér eru tiltæk á tölvu fann ég 12 dæmi í Sturlungu, en ekkert í Heimskringlu (fremur en Egils sögu), Grágás, Landnámu Sturlu Þórðarsonar, Völsunga sögu eða Ragnars sögu loðbrókar. Fritznar hefur þessi dæmi um sögnina (ef frá eru taldar Íslendinga sögur, þættir og Sturlunga): Biskupa sögur (Kjöbenhavn 1858, 1878): 1 dæmi; Flateyjarbók (Kristiania 1860-68): 2 dæmi; Fornmanna sögur<sup>4</sup>: 4 dæmi.

Í orðabók þeirra Guðbrandar Vigfússonar og Richards Cleasby (1975) eru flest hin sömu dæmi og hjá Fritznar en aukinheldur eitt dæmi úr Orkneyinga sögu og annað úr Færeyinga sögu. Þetta sagnorð er misjafnlega algengt í Íslendinga sögum: vinsælast er það hlutfallslega hjá höfundum Grettis sögu, þar eru 14% allra dæma úr sögum og þáttum. En það er líka vinsælla en vænta hefði mátt í öðrum sögum: það má sýna með töflu:

Saga	Fjöldi dæma	Hlutfall	Umfram <sup>5</sup>
Grettis saga	16	14%	8%
Harðar saga	7	6%	4%
Fljótsdæla saga	7	6%	3%
Gísla saga (L) <sup>6</sup>	6	5%	3%

- 1 Fyrir 22 árum skrifaði Paul Schach grein um dálætisorð ('favoritord') og stílþrif í Íslendinga sögum. Í greininni hafði hann veður af niðurstöðum þeirra Marínu Mundt og Peters Hallberg en studdist jafnframt við orðalista Einars Haugen úr Heimskringlu, Njálu og Eglu (Norwegian Word Studies II. Madison Wisconsin 1942, 1-166). Schach rekur í greininni hvornig hver Íslendinga saga virðist bera svipmót skapandi höfundar, að „all saga writers had *favoritord* of various kinds or characteristic turns of phrase which distinguish them from other authors“ (1972:501). Þessi dálætisorð hvers höfundar eru annars vegar sérórð hverrar sögu, hins vegar þau orð sem koma fyrir oftar í einstökum sögum en öðrum.
- 2 Þessar sögur eru (dæmafjöldi innan sviga): Bandamanna saga (M 1, K 1), Bjarnar saga (2), Brennu-Njáls saga (2), Eyrbyggja saga (5), Finnboga saga (4), Fljótsdæla saga (7), Flóamanna saga (3, Brot 1), Fóstbræðra saga (3), Gísla saga (S 1, L 6), Grettis saga (16), Grænlandinga saga (2), Grænlandinga þáttur (1), Gull-Þóris saga (1), Gunnars saga Keldugnúpsfjalls (1), Gunnlaugs saga (2), Hallfreðar saga (M 1, Ólftr 2), Harðar saga (7, Brot 1), Heiðarvíga saga (1), Hrafnkels saga (2), Hænsna-Þóris saga (1), Króka-Refs saga (2), Laxdæla saga (6), Ljósvetninga saga (C 5), Reykdæla saga (2), Svarfdæla saga (3), Vatnsdæla saga (3), Víga-Glúms saga (5), Viglundar saga (1), Vopnfríðinga saga (3), Þorsteins saga hvíta (1).
- 3 Þessir þættir eru: Bolla þáttur (1), Gunnars þáttur Þiðrandabana (2), Hrafn þáttur Guðrúnarsonar (1), Þormóðar þáttur (eftir Flateyjarbók 1), Þorsteins þáttur stangarhöggis (3).
- 4 Dæmin fjögur eru öll úr konungasögum eða þáttum sem þar eru fléttadír: a) Saga Magnúsar konungs ens goda. *Fornmanna sögur* eptir gömlum handritum útgefnar að tilhlutun Hins konúngliga norræna fornfræða [!] félags VI. Kaupmannahöfn 1831, 48. kafli, 109<sup>av</sup>; b) Saga Haralds konungs hradraða Sigurdarsonar. *Fornmanna sögur* eptir gömlum handritum útgefnar að tilhlutun Hins konúngliga norræna fornfræða [!] félags VI. Kaupmannahöfn 1831, 9. kafli, 152<sup>is</sup>; c) Saga Sverris konungs. *Fornmanna sögur* eptir gömlum handritum útgefnar að tilhlutun Hins konúngliga norræna fornfræða félags VIII. Kaupmannahöfn 1834, 38. kafli, 103<sup>av</sup>; d) Saga Sverris konungs. *Fornmanna sögur* eptir gömlum handritum útgefnar að tilhlutun Hins konúngliga norræna fornfræða félags VIII. Kaupmannahöfn 1834, 136. kafli, 320<sup>s</sup>.
- 5 Hér er tillit tekið til lengdar: Grettla er t.d. um 6% af samanlagðri lengd Íslendinga sagna og þátta.
- 6 Athyglisvert er að einungis eitt dæmi er um 'nenna' í styttri gerð sögunnar. Víðar hef ég þóst finna merki þess að Grettla ætti meiri samleið með lengri gerðinni en hinn styttri.

Finnboga saga	4	4%	2%
Víga-Glúms saga	5	4%	2%
Vopnfirðinga saga	3	3%	2%
Flóamanna saga	3	3%	1%
Grænlandinga saga	2	2%	1%
Gunnlaugs saga	2	2%	1%
Hallfreðar saga (ÓlTr)	2	2%	1%
Hrafnkels saga	2	2%	1%
Króka-Refs saga	2	2%	1%

Dreifing þessa sagnorðs er jöfn um Grettis sögu alla, enginn hluti sker sig úr. Í Sturlungu eru sem fyrr sagði aðeins 12 dæmi (hlutfallslega miklu færri en í Íslendinga sögum og þáttum). Þau skiptast svona á milli sagna: Þorgils saga og Hafliða (3), Sturlu saga (1), Prestssaga Guðmundar Arasonar (1), Íslendinga saga (3), Guðmundar saga dýra (1), Þórðar saga kakala (1), Þorgils saga skarða (1), Sturlu þáttur (1). Sem sjá má eru dæmin jafnmörg úr Þorgils sögu og Hafliða og Íslendingasögu þó lengdarmunur þessara sagna sé mikill, sú fyrtnefnda er um 5% af lengd samsteypunnar, sú síðarnefnda tæp 40%. Annað dæmi mætti hér nefna; 'slys' og samsetningar af því dregnar koma nokkuð víða fyrir í Íslendinga sögum: 'slys' í Bjarnar sögu (15:94), Njálu (36:165), Eyrbyggju (18:552), Grettlu (40:1018, 79:1075, 79:1075), Kormáks sögu (10:1482, 11:1483), Laxdælu (64:1634) og Vatnsdælu (26:1874); 'slyslega' í Bandamanna sögu (M 4:7); 'slysin' í Eyrbyggju (15:547); 'slysfarir' í Fósbræðra sögu (9:796); í Grettlu auk þess 'slysgjarni' (35:1011) og 'slysalauti' (78:1072).<sup>1</sup> Ef allt er talið saman er orðið 'slys' og samsetningar af því algengast í Grettlu. Þar eru fimm dæmi, tvö í Kormáks sögu og Eyrbyggju, eitt í öðrum sögum.

Þriðja dálætisorðið í Grettlu gæti verið 'óspekt' og samsetningar af því: 'meðalóspektarmaður' (1), 'óspektarmaður' (1) og 'óspektarbragð' (1). Um það eru 20 dæmi í sex Íslendinga sögum: Bárðar sögu (1), Eyrbyggju (4), Fóstbræðra sögu (1), Grettlu (8), Reykdælu (3) og Vatnsdælu (3). Oftast er 'óspekt' bundið í formúlu: 'gera óspekt' (10 dæmi af 17). Í Grettlu eru 40% dæma um þessi orð; ef samsetningunum þremur væri sleppt 47%. Í Sturlungu eru 14 dæmi um orð af þessum toga: Sturlu saga (2), Íslendinga saga (9), Þórðar saga (2), Þorgils saga skarða (1). Dæmafjöldi úr Íslendinga sögu og Grettlu er því áþekkur og í báðum sögum er formúlan 'gera óspektir' algengust (6 dæmi hjá Sturlu, 5 í Grettlu).

Einsog vænta má vísa sérord sagna einatt til sérkenna þeirra í efni eða efnismeðferð. Í Bandamanna sögu eru t.d. mörg orð sérstök sem tengjast fjármálum og málarekstri;<sup>2</sup> í Njálu eru lagaorð fyrirferðarmeiri en í öðrum sögum; í Bárðar sögu er sjónarsvið annað, persónur stórskornari og húsákynni þeirra að sama skapi og það hefur áhrif á orðaforðann;<sup>3</sup> í Laxdæla sögu eru mörg sérord sem varða stéttarstöðu manna, klæðaburð, útlit eða vopn;<sup>4</sup> í Eglu eru það að vonum orð sem tengjast konungsgarði og hirðlífi, og þannig mætti áfram rekja.

1 Hér má bæta við hinu ágæta örnefni 'Slysfirði', en þar átti Þorfinnur bóndi í Háramarsey annað bú og var þar í jólaveislu þegar berserkir berserkir sótu Gretti og konur heim (19:980-81).

2 T.d.: 'bótamál, tilbrigði, dæming, eiðabrigði, eiðhjálpr, fjárframlag, fésátt, fjárupptaka og vanefni.

3 T.d.: bergbúi, bjargvættur, gjárskúti, haugbrot, haugsgólf, hellisberg, hellisbjarg, hellisgluggi, hnútukast, hrauktjald, járnskór, járnstöng, klafakerling, klafastafur, risakyn, steinnökkvi, svefnhellir og tröllættir.

4 Um klæðnað manna, skart og vopn eru t.d. þessi orð: bjarnskinnshúfa, blæjuendi, blæjuhorn, búningsbót, fellikápa, gimsteinn, glaðel, guðvefjarklæði, guðvefjarpoki, höggjárn, krókfaldur, karlfót, lín, línfé, motur, nist, pellsklæði, setgeirabrækur, setgeiri, skarlatskápa, skart, spjótsprika, tannhjölt, vefjarupphlutur og vefjarskikkja.



Ég hef einkum gaumgæft sérórð Grettis sögu, þau tæplega 600 orð sem aðeins koma fyrir í þeirri sögu en ekki öðrum Íslendinga sögum.<sup>1</sup> Ekki er tóm til að rekja þá athugun hér, aðeins skal nefnt að í Grettlu eru fleiri unleg tókuorð en í systurum hennar, sem kann að vera til vitnis um ungan aldur sögunnar þó þessi orð kunni vissulega að nafa bæst í orðaforða hennar á vegferðinni um hendur skrifara.<sup>2</sup>

- 1 Ég hef m.a. reynt að skipa þeim í helstu flokka með tilliti til stöðu í texta. Hér má taka tvö sýnishorn til gleggvanar úr þeirri flokkun: a) Í mannlysingum, einkunnum persóna eða umsögnum um þær má finna þessi sérórð; fyrst eru talin no, þá lo (og eitt ao); aðfangamaður, dygdarmaður, fornescjumáður, fórumáður, gárungur, hrottí, iðnarmaður, margýgjuson(ur), nógtarmaður, ofleyfingur, ofurgarpur, orðamaður, ódrengur, raddmaður, rausnarkona, skefjumaður, svívirðingarmaður, trúmaður, undirhyggjumaður, útlegdarmaður, veslingsmaður, þegnskaparmaður, þroskamaður; allskjallkænlega, dimmraddaður, einfættur, fullhraustur, fyrirleitinn, gjafvaxta, glaðlátur, góðfengur, góðættaður, góðastillur, gæfúsamlegur, hamingjulaus, heilfættur, heilladrjúgur, heitfengur, hljóðmikill, hræðilegur, hugstíginn, húsgöngull, hvítleiður, iðjulaus, illfengur, kvenstyrkur, köllsugur, léttbrýnn, möglunarsamur, offorsfullur, ofurkappsfullur, óbilgjarn, óþilgjusamur, ófyrirleitinn, ógeyminn, óglóminn, ókulvís, óstýrilátur, ósöngvinn, ótíllátssamur, óþrifinn, rauðhæður, refsingasamur, skammleitur, skammrifjamikill, skrautbúinn, skynsamur, skyrgugur, stórhöggur, tilfyndinn, trúlaus, valinkunnur, veslugur, viðskotailtur, vinnulstíll, þollaús, þórkjumikill, ærulaus. Oft koma þessi sérórð fyrir í 'klösum' sbr. þessa lýsingu á Glámi (sérórð feitletrud): „Hann [Glámur] var hljóðmikill og dimmraddaður og fé stökk allt saman þegar hann hóði. [...] Hann var ósöngvinn og trúlaus, stírfinn og viðskotailtur. Öllum var hann hvítleiður“ (32:1005). b) Í annan stað má hér taka nokkur dæmi um orðatilteki, klisjur og formúlukennt orðfæri sem margt er alþekkt úr samfámáli en kemur ekki fyrir í öðrum Íslendinga sögum: færast í aukana, gera bráðabug að e-u, fara undan í flæmingi, e-m ber e-ð á góma, hafa þata af e-u, draga e-n á tálur; stundum er ekki um sérórð að ræða heldur málbeitingu sem ekki finnst í öðrum Íslendinga sögum, sbr.: bera eigi að einum brunni, taka til fóta, láta ganga töluna, hafa veður af e-m. Ég hef á öðrum stað gert grein fyrir málsháttum, orðatiltekjum og formúlum í Grettis sögu (1993).
- 2 Ég bladaði í fáeinum bókum sem víkja að tókuorðum frá síðari öldum; bók Chr. Westergård-Nielsen um tókuorð á 16. öld í prentuðum íslenskum bókum (1946) rannsókn Franks Fischers á tókuorðum (1909) og orðsifjabók Jan de Vries (1977) og tindi þaðan þau orð sem finna má í Grettlu. Rétt er að taka fram að ég batt ekki þessa litlu athugun við sérórð Grettlu heldur miðaði við allan orðaforða sögunnar. Þessi tókuorð að hætti Westergård-Nielsen fann ég t.d. í Íslendinga sögum og þáttum (heilðarfjöldi fylgir í svigagrein): Bandamanna saga (1): titra (so); Bárðar saga (4): forlata (so), lukka (kv), máltíð (kv), ómak (hk); Bjarnar saga (1): vinganarheit (hk ft); Brennu-Njáls saga (1): halda e-n fyrir e-ð (so); Droplaugarsona saga (1): krankur (lo). Eiríks saga (2): messing (kv), messingarspönn (kk); Eyrbyggja saga (3): aflát (hk), lista (kv), stols (lo); Finnþoga saga (2): formenntur (lo), krankur (lo); Flóamanna saga (1): plaga (so); Fóstbræðra saga (3): brúk (hk), ósinnilegur (lo), spila (so); Gísla saga (2): afláta (so), ærlega (ao); Grettis saga (15): býting (kv), dikta (so), forráð (hk), hoffólk (hk), hórast (so), húsfrau (kv), kffinn (lo), klóklega (ao), klókskapur (kk), krabba (so), krangleiki (kk), opinber (lo), speja (so), stormviðri (hk), ærulaus (lo); Gunnars saga (6): bera sig að (með e-ð) (so), brúka (so), skálkur (kk), verbugur (lo), strax (ao), æra (kv); Harðar saga (2): kifinn (lo), teikna (so); Hænsna-Þóris saga (1): hastorður (lo); Kjalnesinga saga (1): listulegur (lo); Laxdæla saga (4): eðliborinn (lo), listulegur (lo), mangsmaður (kk), ónaki (kk); Ljósvetninga saga (1): teftja (so); Svarfdæla saga (1): hrópa (so); Vatnsdæla saga (1): verðugur (lo); Víglundar saga (1): sparlak (hk); Víga-Glúms saga (1): messingarhestur (kk); Þórðar saga (2): halda e-n fyrir e-ð (so), krankur (lo); Gísls þáttur (úr B-gerð Jóns sögu helga) (1): mektugur (lo); Gunnars þáttur Þiðrandabana (1): brúk (hk); Jökuls þáttur (3): básúna (so), gáfa (kv), strax (ao); Orms þáttur (1): tillát (hk); Sneglu-Halla þáttur (Fl) (1): akta (so); Stúfs þáttur hinn meiri (1): klókur (lo); Þorleifs þáttur jarlaskálds (1): forsmáður (lo); Þorsteins þáttur stangarhöggs (1): lukka (kv). Grettla virðist skera sig úr sveit sagna og þáttu um orðafjölda; engin þeirra kemst með tærnar þar sem hún hefur hælana og sú saga sem næst henni fer, Gunnars saga, er varla hálfdrættingur á við hana. Þessi mynd skýrist þegar litid er í safn Franks Fischers (1909). Hann fann 56 tókuorð í Grettlu (109-10) en þá ber að athuga að hann aðhylltist tísku síns tíma og taldi Spesar þátt yngri viðbót. Við þessa tölu má því bæta þeim 18 orðum sem hann fann í þættinum (110) og þá verður Grettla sú saga sem flest hefur tókuorðin (skýtur Njála aftur fyrir sig). Að öllu þessu samantögðu

Á töflu 3 má sjá skiptingu sérörða í orðflokka. Til hagræðis er sögum skipað í sömu röð og á töflu 2. Fátt kemur á óvart í þessari skiptingu. Einsog við var að búast eru það einkum no og lo sem sérstök eru fyrir sögur: þar eru hlutfallstölur heldur hærrí en þegar lítið er á skiptingu alls orðaforðans. Að sama skapi eru höfundar minni nýjungamenn í so, ao og smáorðum enda óhægara um vik að stunda nýsköpun í þeim orðflekum. Það eru einkum samsett no og lo sem eru áberandi: ætla má að um 80% no séu samsett og hlutfallið enn hærri á lo: þar er einkum algeng orðmyndun með viðskeytinu -legur og forliðunum jafn-, all- eða ó-; í Eglu er 20% lo mynduð með þeim forliðum og í Grettis sögu 24%. Ao eru mörg mynduð með endingunni -lega sem vænta mátti; í Grettis sögu eru t.d. 26 af 31 ao þannig mynduð (84%), í Finnboga sögu er hlutfallið 75%, í Eyrbyggja sögu 71% og í Eglu 72% svo fáein dæmi séu nefnd. Sagnir eru á hinn bóginn flestar ósamsettar.

c) **Samstæður:** Hér hefur nokkuð verið fjallað um sérörð, þau 47% af orðaforða Íslendinga sagna sem einungis koma fyrir í einum þeirra 44 texta sem orðstöðulykillinn gengur að. Í framhaldi af þeirri þulu langar mig til að víkja að þeim hluta orðaforðans sem einungis kemur fyrir í einhverjum tveimur textum, þ.e.a.s. 'parorðum' einsog Peter Hallberg kallaði slík orð, eða 'samstæðum'. Það eru um 1788 orð eða 14,4% orðaforðans. Samtals eru því sérörð og samstæður um 61% af þeim 12400 orðum sem fundin verða í Íslendinga sögum.

Margir fræðimenn hafa af mikilli elju og þrautseigju fengist við athuganir á orðaforða einstakra sagna og orðavenslum milli sagna, þekktar eru t.d. rannsóknir íslenskra fræðimanna á svokölluðum rittengslum, orðalfkindum milli texta, sem einkum eru stundaðar til að marka sögum stað í tíma, ákvarða afstæðan ritunartíma þeirra. Vart mun þó á nokkurn hallað þó sænski fræðimaðurinn Peter Hallberg sé talinn brautryðjandi á því sviði að gaumgæfa skipulega sameiginlegan orðaforða sagna í því skyni að finna þeim höfund eða skipa þeim saman í sveit. Við rannsóknir sínar hefur Hallberg einkum beitt röksemdum úr máli og stíl, talið orð og orðasambönd í einstökum textum og metið líkur á því að þeir kunni að vera eftir sama höfund eða ættaðir úr sömu smiðju. Hann hefur á umliðnum áratugum fengist við Íslendinga sögur, konungasögur, samtíðarsögur, riddarasögur og helgisögur, nánast alla flokka íslenskra fornbókmennta.

Upphaflega beitti Hallberg einkum þeirri aðferð að kanna sérstaklega þann orðaforða sem einvörðungu kemur fyrir í einhverjum tveimur textum, þau orð sem hann kallar 'parorð': 'orðatvennd' eða 'samstæðu'. Hann lagði brautina með umfangsmikilli athugun á sambandi Heimskringlu og fimm Íslendinga sagna, þ.e. Eglu, Grettlu, Laxdælu, Eyrbyggju og Njálu, og taldi þau orð og það orðalag sem einvörðungu kom fyrir í Heimskringlu og einhverri þessara sagna; eftir því sem samstæðum fjölgar aukast líkur á skyldleika textanna. Hallberg átti þess ekki kost að kanna til hlítar allan orðaforðann með þeirri tækni sem honum bauðst og varð því að velja orðflokka og dæmi innan þeirra. Þeir orðflokkar sem hann valdi voru:

- lýsingarorð (adjektív) af öllu tagi og raunar einnig allnokkur atviksorð, t.d. hráblautur, hugsjúkur, afar;
- orð sem varða stöðu persóna, vensl þeirra eða gefa skapgerð til kynna (personbeteckningar) en jafnframt fáein 'safnheiti', t.d. ráðgjafi, undirhyggjumáður, almenníngur, almúgi;
- sagnir og sagnasambönd (verb och verbkonstruktioner), t.d. glapna, skeika að sköpuðu;
- óhlutstæð nafnorð (abstrakter) en jafnframt ýmis hugtök varðandi eyktir, skáldskap, hernað, o.fl., t.d. kunnleikur, dirfð, minni, full, víkingabæli.

---

held ég að óhætt muni að tökuorð séu mörg í Grettlu og að verulegur hluti þeirra séu jafnframt orð sem aðeins koma fyrir þar en ekki í öðrum Íslendinga sögum.

Hallberg sleppir ýmsum samstæðum, einkum þeim sem ættu að vera bundnastar efni og umhverfi, þ.e. orðum um einstök áhöld, vopn og amboð, lögfræðileg efni, o.s.frv., enda hafa málotendur minnst val þar. Raunar telur Hallberg að það hefði litlu breytt um hlutföll samstæðna milli sagnanna þótt allar samstæður hefuri verið teknar með í reikninginn. Þessi aðferð hans hefur verið gagnrýnd, fyrst af Marinu Mundt (sbr. t.d. 1963:94-101; síðar m.a. af Federico Albano Leoni 1970: 148-49, o.v.), og þeirri gagnrýni hefur hann svarað í nokkrum deilugreinum sem jafnframt hafa skýrt nokkuð vinnulag hans og markmið.<sup>1</sup> Sá orðaforði sem Hallberg kannaði upphaflega vegna rannsóknar sinnar á Heimskringlu og Eglu var rúmlega hálf milljón lesmálsorða.

Það vinnulag að reyna að rekja saman texta á grundvelli samstæðna er vitaskuld umdeilanlegt, sérstaklega ef höfði er í huga sérkennileg varðveisla margra sagna öldum saman; séu ályktanir fræðimanna um aldur þeirra á rökum reistar eru sumar hverjar tvö- eða þrjúhundruð árum eldri en elsta varðveitta handrit eða handritsbrot og því ljóst að margir og misnákvæmir skrifarar hafa stundum sýslað með textann. Hallberg telur það vega þungt á móti þessari röksemd að líkur séu til að 'sjaldgæft orðalag' einsog samstæðurnar varðveitist fremur óbrjáláð frá frumgerð en annað og almennara orðafar. Til þess að tryggja aðferðina betur í sessi skipti Hallberg Heimskringlu í tvo hluta, Snorra A og Snorra B, og bar sögurnar fimm við þá báða, og jafnframt hlutana saman. Þá tók hann tillit til mismunandi lengdar sagnanna og 'jafnaði' niðurstöðutölur sínar með þriliðu þar sem miðað er við lengd Eglu: hver hefði talan orðið ef sögurnar væru allar jafnlangar henni. Það hefur t.d. í för með sér að fjöldi samstæðna milli Eyrbyggju (38 000 orð) og Snorra A (119 000 orð) hækkar úr 49 í 80, en fjöldi samstæðna milli Njálu (97 000 orð) og sama hluta Heimskringlu lækkar úr 74 í 47. Þessi reikningslist breytir nánast engu fyrir Grettlu og Laxdælu sem eru svipaðar Eglu að lengd. Niðurstaða hans er nokkuð ótvífræð: Eglu og Heimskringla eru skyldari en Heimskringla og hinar sögurnar fjórar, og hann telur nánast fullsannað að Snorri hafi samið Egils sögu. Niðurstöðutölur hans voru þessar:

<b>Snorri A &amp;</b>			<b>Snorri A &amp;</b>		
Egla	193	39,5%	Snorri B	201	40,5%
Laxdæla	89	18,0%	Laxdæla	95	19,0%
Eyrbyggja	80	16,5%	Eyrbyggja	83	16,5%
Njála	47	9,5%	Njála	41	8,5%
Grettla	80	16,5%	Grettla	76	15,5%
<b>S:a</b>	<b>489</b>	<b>100,0%</b>	<b>S:a</b>	<b>496</b>	<b>100,0%</b>

(Hallberg 1964:19)

Ég kannaði samstæður Eglu og Heimskringlu lauslega. Þar byggði ég á skrá 'sétorða', þ.e. lagði til grundvallar þau orð Egils sögu sem aðeins koma þar fyrir og ekki í öðrum Íslendinga sögum. Til glöggvunar hef ég feitletrað þau orð sem jafnframt koma fyrir í Sturlungu og talið sérstaklega þau sem notuð eru í Sturlungu og Eglu en ekki í Heimskringlu.

1 Þeir Hallvard Magerøy (1971) og Sture Allén (1971) fundu báðir að vinnubrögðum og niðurstöðum Marinu Mundt í bók hennar um Sturlu Þórðarson og Laxdælu (1969), hvor með sínum hætti. Magerøy beindi einkum spjótum að afstöðu hennar til aldurs sögunnar og kenninga eldri fræðimanna, Allén gagnrýndi þær forsendur sem hún byggði rannsókn sína á, aðferðafræði hennar og tölfræðilega úrvinnslu. Honum þótti t.d. rök fyrir því að höfundur Laxdælu hljóti að vera annar þeirra bræðra, Sturlu og Ólafs hvítaskálds, en ekki einhver af hinum fjölmörgum nafnlausu höfundum 13. aldar, heldur veigalltíli (1971:89-90). Margt af því sem þessir fræðimenn draga fram í tengslum við rannsóknir Marinu Mundt á við um rannsóknir Peters Hallberg, ekki síst efasemdir þeirra um tölfræðilega úrvinnslu.

### 1. Nafnorð:

(Egla og Heimskringla: 104 orð) afnám (hk), askur (kk), áþján (kv), bautasteinn (kk), bryggjuspordur (kk), dagráð (hk), **dagverðarmál** (hk), einbúi (kk), einvaldi (kk), eyjasund (hk), fêhirsla (kv), fimmtungur (kk), finnfêrð (kv), finnkaup (hk), fjallhyggð (kv), **fjalldalur** (kk), **flóttamaður** (kk), fósturfaðir (kk), frambyggi (kk), framflutning (kv), frændastyrkur (kk), frændsemistala (kv), full (hk), fyrirtölur (kv ft), gólfþil (hk), Gulapingslög (hk ft), handargagn (hk), **heimfararleyfi** (hk), **heimför** (kv), herblástur (kk), **herboð** (hk), herlið (hk), herskjöldur (kk), hertogi (kk), herör (kv), hirðstjóri (kk), **hunang** (hk), höfuðstaður (kk), **höggorusta** (kv), ígangsklaði (hk), kjarrskógur (kk), konungaskipti (hk), konungsbúi (hk), konungssýsla (kv), kröm (kv), kúfungur (kk), kynferð (kv), **landsfólk** (hk), landsgæsla (kv), landsmegin (hk), **landvegur** (kk), landvættur (kv), langfêðgatal (hk), lág (kv), létiskip (hk), lögræning (kv), manndómsmaður (kk), markland (hk), **matborð** (hk), missa (kv), morðvíg (hk), móða (kv), móðerni (hk), **naudsynjaerindi** (hk), nauðungarsætt (kv), nesnám (hk), órð (kv), ósætt (kv), ótíli (kk), ótrúleiki (kk), plógur (kk), ráðgjafi (kk), reiðskjóti (kk), róðrarskip (hk), **samflot** (hk), sigurför (kv), sflðfiski (hk), sjónleysi (hk), skattkonungur (kk), skipaher (kk), **skipalið** (hk), skipför (kv), skipstjórn (kv), snekkja (kv), spellvirki (hk), stórbúi (hk), **strandhögg** (hk), **svaitardrykkja** (kv), svipstund (kv), tiltak (hk), tjaldaður (kk), undirskemma (kv), upphlutur (kk), útborði (kk), **útleið** (kv), veldi (hk), viðstaða (kv), víðlendi (hk), víkingabæli (hk), yfirkonungur (kk), yfirlát (hk), **yffirsókn** (kv), þykkt (kv), ætleri (kk)

(Egla og Sturlunga: 14 orð + 19 orð) aldurtili (kk), döggun (kv), félát (hk), flæður (kv), (handarkriki (kk), hárrót (kv), langskipssægl (hk), orðahnippingar (kv ft), reiðgata (kv), seinkan (kv), skipabúnaður (kk), svig (hk), torleiði (hk), tylftareiður (kk)

### 2. Atviksorð:

(Egla og Heimskringla: 4 orð) allfeginsamlega, snellt, **stygglega**, vegsamlega  
(Egla og Sturlunga: 1 orð)

### 3. Lýsingarorð:

(Egla og Heimskringla: 25 orð) allfríður, allkær, allóparfur, allveglegur, allþungur, forflóttá, háskasamlegur, hernuminn, hlutgengur, innlenskur, lýðskyldur, orðsnjallur, óðalborinn, **ósakaður**, ósannur, þrúðlegur, refsingalaus, rúmur, skóglaus, trúfastur, vegsamlegur, **virðilegur**, þjónustufullur, **þokkasæll**, **ættgengur**

(Egla og Sturlunga: 5 orð + 4 orð) alltíðræddur, ferstrendur, sjálfviljandi, uppnæmur, þunnskipaður

Ef hugað er að tölum: í Eglu eru 445 sérord, þar af um 20 so sem ég hafði ekki með í reikningnum. Hér að ofan eru 133 orð (104 no, 4 ao og 25 lo) sem fyrir koma í Eglu og Heimskringlu. Sé sú tala umreiknuð í hlutfallstölu kemur 31% sérorda Eglu fyrir í Heimskringlu. Ég hygg að ekki leiki nokkur vafi á því að Egils saga á meiri samleið með Heimskringlu en aðrar Íslendinga sögur. Til hljóðsjónar má svo hafa tölur um samför Sturlungu og Eglu: 43 orð koma fyrir á báðum stöðum (33 no, 1 ao, 9 lo); 10% sérorda Eglu má því finna í Sturlungu.

Til samanburðar hef ég athugað samband Grettlu og Heimskringlu með sama hætti (minna má á að Egla og Grettla eru áþekkar að lengd):

### 1. Nafnorð:

(Grettla og Heimskringla: 28 orð) bitull (kk), brak (hk), dauðasök (kv), dýflissa, **hending** (kv), **fyrirrrúm** (hk), gjaldkeri (kk), **grunn** (hk), **grunnur** (kk), gullpeningur (kk), gæfuraun (kv), hindurvitni (hk), hraðbyri (hk), jólanótt (kv), konungspræll (kk), **landslýður** (kk), meginhérað (hk), nðvísa (kv), **pati** (kk), sjúkileiki (kk), skriður (kk), stéttlendi (hk), **tengsl** (hk ft), tilvísan (kv), undanfærsla (kv), undirhyggjumaður (kk), **útlausn** (kv), þroskamaður (kk)

(Grettla og Sturlunga: 29 orð + 9 orð) bernskubragð (hk), búsforráð (hk ft), fjárauðn (kv), fjárhald (hk), forkirkja (kv), gárungi/ur (kk), hjúskapur (kk), kinnbjörg (kv), kjallari (kk), líðdráttur (kk), loftsdyr kv ft), miðlunarmál (hk), miðsumar (hk), óhafuverk (hk), raddmaður (kk), rjáfur (hk), Rómferð (kv), röksemd (kv), sparmæli (hk), stétt (kv), sveitardráttur (kk), sýknun (kv), trúmaður (kk), undirrót (kv), útihús (hk), vatnavextir (kk ft), viðurgerningur (kk), viðurlífi (hk), þóf (hk)

## 2. Atviksorð:

(Grettla og Heimskringla: 5 orð) fríðlega, mannlega, óspaklega, skynsamlega, þeygi  
(Grettla og Sturlunga: 4 orð + 4 orð) góðvættlega, laglega, nauðuglega, yst

## 3. Lýsingarorð:

(Grettla og Heimskringla: 5 orð) aumlegur, fyrirleitinn, óbilgjarn, refsingasamur, skynsamur  
(Grettla og Sturlunga: 11 orð + 3 orð) allstyggur, frjósaða, heimtandi, hættulaus, ljósbleikur, ókvæða, ótillátssamur, rækur, trúlaus, tygilegur, virðingarvænn

Sérorð Grettlu eru tæplega 600, nokkru fleiri en sérorð Eglu. Af þeim eru um 55 sagnir sem hér er ekki átt við. Hér að ofan eru talin 38 orð sem aðeins koma fyrir í Grettlu og Heimskringlu. Sé sú tala umreiknuð í prósentur koma 7% sérorða Grettlu fyrir í Heimskringlu (sama hlutfallstala fyrir Eglu var 31%). 60 sérorð Grettlu má finna í sögum Sturlungu, 11% (sama tala fyrir Eglu var 10%). Þessi samanburður á sérordaförða tveggja Íslendinga sagna, Heimskringlu og Sturlungu virðist því draga fram nokkra sérstöðu Eglu.

Á fjórðu töflu má lesa samstæðufjölda einstakra Íslendinga sagna með svipuðu lagi og fyrr var haft um sérorð. Hér verður ekki reynt að túlka þessar tölur fremur en þær sem fóru hér að framan um sérordahlutfall sagna:

1)	20-30 / 10.000	Reykdale saga, Gunnlaugs saga, Droplaugarsona saga, Brennu-Njáls saga (4)
2)	30,1-40 / 10.000	Valla-Ljóts saga, Harðar saga, Þorsteins saga Síðu-Hallssonar, Hænsna-Þóris saga, Hávarðar saga, Svarfdæla saga, Þórðar saga hreðu, Víga-Glúms saga, Víglundar saga, Finnboga saga (10)
3)	40,1-50 / 10.000	Egils saga, Gull-Þóris saga, Fljótsdæla saga, Eyrbyggja saga, Bjarnar saga, Laxdæla saga, Kjalnesinga saga, Eiríks saga, Vainsdæla saga, Heiðarvíga saga, Vopnfirðinga saga, Grænlandinga saga, Póstbraðra saga, Grettis saga (15)
4)	50,1-60 / 10.000	Flóamanna saga, Þorsteins saga hvíta, Kormáks saga, Króka-Refs saga, Hrafnkels saga (5)
5)	70,1-80 / 10.000	Ókofra saga (1)
6)	80,1-90 / 10.000	Bárðar saga Snæfellsáss (1)

Sem fyrr sagði bíða niðurstöður um orðarím Íslendinga sögu og Grettlu ráðstefnunnar á Akureyri og mál að linni. Hér má þó áreita það sem reynt hefur verið að draga fram um orðfæri Grettlu: a) höfundur Grettis sögu er orðfleiri en starfsbræður hans; b) í sögunni má finna fleiri ungleg tókuorð en í öðrum sögum og mörg þeirra eru einnig sérorð c) Í Grettlu eru fleiri samstæður en í öðrum sögum.

Örnólfur Thorsson  
Kennaraháskóla Íslands

## Helstu heimildir

Sture Allén. Om textattribution. Kring en avhandling av Marina Mundt. *Arkiv för nordisk filologi* (87) 1971, 82-113.

- Baldur Hafstað. Konungsmenn í kreppu og vinátta í Egils sögu. *Skáldskaparmál* (1) 1990, 89-99.
- *Die Egils saga und ihr Verhältnis zu anderen Werken des nordischen Mittelalters*. Doktorsritgerð lögð fram við Ludwig-Maximilians-Universität in München 1991. [Fjölrít].
- Barði Guðmundsson. *Höfundur Njála. Safn ritgerða*. Reykjavík 1958.
- Bergljót Kristjánsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Ingólfssdóttir og Örnólfur Thorsson. *Frá orðalykli til orðabókar*. Reykjavík 1990. [Fjölrít].
- Bjarni Einarsson. Hörð höfuðheini. Mælt mál og forn fræði. *Rit Stofnunar Árna Magnússonar* 31. Reykjavík 1987, 107-14.
- Bjarni Guðnason. *Specialsakkunnigutildtande*. Reykjavík [án árs]. [Fjölrít].
- Peter Hallberg: Snorri Sturluson og Egils saga Skallagrímssonar. Eitt försök till språklig författarbestämning. [Ritdómur]. *Skírnir* (137) 1963, 187-90.
- Túlkun Heiðarvígsgögu. *Studia Islandica* (50) 1993.
- Aldur og einkenni Bjarnar sögu Hítðælakappa. *Sagnabing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, Fyrri hluti. Reykjavík 1994, 69-85.
- Björn Karel Þórólfsson. Rímur fyrir 1600. *Safn fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga* IX. Kaupmannahöfn 1934.
- R. C. Boer. Zur Grettissaga. *Zeitschrift für deutsche Philologie* (30) 1898, 1-71.
- Die handschriftliche Überlieferung der Grettissaga. *Zeitschrift für deutsche Philologie* (31) 1899, 40-60.
- Einleitung. Grettis saga Ásmundarsonar. *Altnordische Saga-Bibliothek* 8. Halle 1900, ix-1.
- Richard Cleasby and Gudbrand Vigfusson. *An Icelandic-English Dictionary, Second Edition with a Supplement by Sir William A. Craigie*. Oxford 1975 (1957).
- Davíð Erlingsson. Staðtöluleg mæling á máli og stíl. Yfirlit yfir brautryðjendastarf Peters Hallbergs. *Skírnir* (144) 1970, 185-99.
- Eiríkur Rögnvaldsson. Orðstöðulykill Íslendinga sagna. *Skáldskaparmál* (1) 1990, 54-61.
- Frank Fischer. Die Lehnwörter des Altwestnordischen. *Untersuchungen und Texte aus der Deutschen und Englischen Philologie. Palaestra* (85) Berlin 1909.
- Fríðrik Magnússon. Hvað er títt? *Orð og tunga* (1) 1988, 1-49.
- Johan Fritzner. *Ordbog over Det gamle norske Sprog* I-III. Nytt uforandret optryk av 2. utgave (1883-1896). Oslo 1954.
- *Ordbog over Det gamle norske Sprog* IV. Rettelser og tillegg ved Finn Høedneþ. Oslo 1965.
- Grettis saga*. (AM 551 a, 4n). Eftírtit Ólafs Halldórssonar. [Kaupmannahöfn]. [Án árs]. [Fjölrít].
- Grettis saga Ásmundarsonar*. *Altnordische Saga-Bibliothek* 8. R. C. Boer gaf út. Halle 1900.
- Grettis saga Ásmundarsonar*. *Bandamanna saga*. Odds þátr Ófeiggssonar. *Íslenzk fornrit* 7. Guðni Jónsson gaf út. Reykjavík 1936.
- Guðni Jónsson. Formáli. [Grettis saga]. *Íslenzk fornrit* 7. Reykjavík 1936, v-xxix.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. Sturla Þórðarson. Sturlustefna. *Rit Stofnunar Árna Magnússonar* 32. Reykjavík 1988, 9-36.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. Tekstkritiske problemer i Grettis saga. *The Audience of the Sagas I. Preprints*. The Eighth International Saga Conference 11.-17. August 1991. Göteborg 1991, 142-48.
- Hafursgríð. *Acta Comitiorum Generalium Islandiæ. Alþingisbækur Íslands* I. Reykjavík 1912-14, 216-17.
- Peter Hallberg. Snorri Sturluson og Egils saga. *Studia Islandica* (20) 1962.
- Ólafur Þórðarson hvítaskáld, Knýttinga saga och Laxdæla saga. Eitt försök till språklig författarbestämning. *Studia Islandica* (22) 1963.
- Snorri Sturluson och Egils saga Skalla-Grímssonar. Kommentarer till en recension. *Maal og minne* 1964, 12-20.
- Íslendinga saga och Egla, Laxdæla, Eyrbyggja, Njála, Grettla. Eit språkest. *Maal og minne* 1965, 89-105.
- Om språkliga författarkriterier i isländska sagatexter. *Arkiv för nordisk filologi* (80) 1965, 157-86.
- Ólafur Þórðarson hvítaskáld, Knýttinga saga och Laxdæla saga. En motkritik. *Arkiv för nordisk filologi* (80) 1965, 123-56.
- Eptir um daginn. Eit »Snorri-uttryck«. *Arkiv för nordisk filologi* (81) 1966, 66-74.
- Stilsignalement och författarskap i norrøn sagalitteratur. *Nordistica Gothoburgensia* 3. Ed. Ture Johannisson. Göteborg 1968.
- Kirsten Hastrup. Tracing tradition: an anthropological perspective on Grettis saga Ásmundarsonar. *Structure and Meaning in Old Norse Literature. New Approaches to Textual Analysis and Literary Criticism*. Ed. by John Lindow, Lars Lönnroth and Gerd Wolfgang Weber. Odense 1986, 281-313.
- Rolf Heller. Laxdæla saga und Knýttinga saga. Studien über die Beziehungen zwischen den beiden Sagas. *Arkiv för nordisk filologi* (80) 1965, 95-122.
- Sturla Þórðarson und die Ísländersagas. *Arkiv för nordisk filologi* (93) 1977, 138-44.
- Die Gebeine des Goden Snorri. *Arkiv för nordisk filologi* (99) 1984, 95-106.
- Hermann Pálsson. Úr hugmyndaheimi Hrafnkels sögu og Grettlu. *Studia Islandica* (39) 1981.

- Íslendinga sögur og þættir* I-III. Ritsjtj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Órnólfur Thorsson. Reykjavík 1987.
- Jón Helgason. Athuganir Arna Magnússonar um fornsögur. *Gripla* (4) 1980, 33-64.
- Jónas Kristjánsson. Um Fóstbræðrasögu. *Rit Stofnunar Arna Magnússonar* 1. Reykjavík 1972.
- Bókmenntasaga. *Saga Íslands* 3. Ritsjtjóri Sigurður Línfal. Reykjavík 1978, 261-350.
- Var Snorri Sturluson upphafsmaður Íslendingasagna. *Andvari* (Nýr flokkur 32) 1990, 85-105.
- Jörgen Pind (ritstj.). Friðrik Magnússon og Stefán Briem. *Íslensk orðtíðnibók*. Reykjavík 1991.
- Kolbrún Haraldsdóttir. Átti Sturla Þórðarson þát í tilurð Grettis sögu? *Equus Troianus sive Trójuhestur tygjaður Jonnu Louis-Jensen* 21. október 1986. Reykjavík 1986, 44-52.
- Federico Albano Leoni. Sagas islandaises et statistique linguistique. *Arkiv för nordisk filologi* (85) 1970, 138-62.
- Hallvard Magerøy. Har Sturla Þórðarson skrivi Laxdæla saga? Marina Mundt: Sturla Þórðarson und die Laxdæla saga. [Ritdómur]. *Arkiv för nordisk filologi* (87) 1971, 4-33.
- Matthías Johannessen. Umhverfis Sturlu Þórðarson. *Bókmenntaþættir*. Reykjavík 1985, 261-370.
- Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*. Ed. by Phillip Pulsiano and Kirsten Wolf. New York, London 1993.
- Marina [Meier] Mundt. Om et nyt forsøg på at løse Eigla-gåden. Peter Hallberg: Snorri Sturluson och Egils saga Skallagrímssonar. *Studia Islandica* (20) 1962. [Ritdómur]. *Maal og minne* 1963, 94-101.
- Til spørsmålet om Laxdælas forfatter. *Maal og minne* 1965, 45-62.
- *Sturla Þórðarson und die Laxdæla saga* Bergen 1969.
- Orðstöðulykið *Íslendinga sagna*. Ritsjtj. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Ingólfssdóttir og Órnólfur Thorsson. Reykjavík 1992. [Fjölrít og tölvugagn].
- Ólafur Halldórsson. Grettisfærsla. *Opuscula* (1) 1960, 49-77. [Endurpr. f. Grettisfærsla. *Rit Stofnunar Arna Magnússonar* 38. Reykjavík 1990, 19-50.].
- Óskar Halldórsson. Góðsögnin um Gretti. Nokkrar athuganir. *Sjöttlu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni* 20. júlí 1977. *Síðari hluti*. Reykjavík 1977, 627-39.
- Tröllasaga Bárðdæla og Grettluhöfundur. *Skrínir* (156) 1982, 5-36.
- Rímnasafn. Samling af de ældste islandske rimer. *Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur* 35. Finnur Jónsson gaf út. København 1905.
- Paul Schach. *Favoritord*, stylistic variation, absolute prosa, and suchlike in the *Íslendingasögur*. Studies for Einar Haugen presented by friends and colleagues. Ed. by E. S. Firchow, K. Grimstad, N. Hallelmo and W. A. O'Neil. The Hague, Paris 1972, 498-510.
- Sérorð og samstaður í Íslendinga sögum*. Órnólfur Thorsson tók saman. Reykjavík 1991. [Fjölrít].
- Sigurður Nordal. *Snorri Sturluson*. Reykjavík 1920.
- Formáli. Egils saga. *Íslensk fornrit* 2. Reykjavík 1933, v-cv.
- Sturla Þórðarson og Grettis saga. *Studia Islandica* (4) 1938.
- Snorri Sturluson. Nokkrar hugleiðingar á 700. ártíð hans. *Skrínir* (140) 1941, 5-33.
- Snorri Sturluson. *Snorra-Edda. Sígid ugla*. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík 1984.
- *Heimskringla*. I-II. (*Lykilbók* III). Ritsjtj. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Órnólfur Thorsson. Reykjavík 1991.
- Sturlunga saga*. I-II. *Skýringar og fræði*. Ritsjtj. Órnólfur Thorsson. Reykjavík 1988.
- Sverrir Tómasson. Hvem var Tristrams sögu snúið? *Gripla* (2) 1977, 47-78.
- Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum. Rannsókn bókmenntahefðar. *Rit Stofnunar Arna Magnússonar á Íslandi* 33. Reykjavík 1988.
- M. C. van den Toorn. Zur Verfasserfrage de Egilssaga Skallagrímssonar. *Münstersche Forschungen*. Heft 11. Köln, Graz 1959.
- Vésteinn Ólason. *Íslendinga sögur og þættir*. Íslensk bókmenntasaga 2. Reykjavík 1993, 25-163.
- Chr. Westergård-Nielsen. Låneordene i det 16. århundredes trykte islandske litteratur. *Bibliotheca Arnarnagnæana* 6. Hafnia 1946.
- P. E. Wieselgren. *Författarskapet till Eigla*. Lund 1927.
- Þórhallur Vilmundarson. Formáli. Harðar saga. *Íslensk fornrit* 13. Reykjavík 1991, v-lxix.
- Órnólfur Thorsson. „Leitin að landinu fagra.“ Hugleiðing um rannsóknir á íslenskum fornþekktum. *Skáldskaparmál* (1) 1990, 28-53.
- Computerized Sagas. From Concordance to Dictionary. *From Sagas to Society*. Fyrirlestur á ráðstefnu í Háskóla Íslands 7.-9. júní 1991.
- *Orð af orði. Hefð og nýmæli í Grettlu*. Kandidatsritgerð við Háskóla Íslands haustið 1993. [Fjölrít, 306 bls.].

Tafla 1: Orðaforði Íslendinga sagna

Heiti sögu	LEM (Lesmálsorð)	Om (Orðmyndir)	HI Om (Meðaltölðni orðmynda)	Orð	HI O (Meðaltölðni orð)
Olkofra saga	2915	901	3,23	473	6,16
Jökuls þáttur Búasonar	3445	1099	3,13	608	5,66
Þorsteins saga hvíta	3537	1029	3,43	510	6,93
Grænlandinga þáttur	4243	1204	3,52	634	6,69
Þorsteins s. Síðu-Hallssonar	5399	1478	3,65	728	7,41
Grænlandinga saga	6036	1474	4,09	728	8,29
Valla-Ljóts saga	6921	1708	4,05	846	8,18
Gunnars s. Keldugnúpsfífls	7373	1455	5,06	725	10,17
Ljósvetninga saga (A-gerð)	7491	1670	4,48	822	9,11
Eiríks saga	7824	1986	3,93	994	7,87
Hænsna-Þóris saga	8698	1853	4,69	916	9,49
Hallfreðar saga (M-gerð)	8892	1945	4,57	940	9,46
Bandamanna saga (K-gerð)	9384	1906	4,92	906	10,35
Droplaugarsona saga	9410	1980	4,75	885	10,63
Vopnfirðinga saga	9571	2083	4,59	1001	9,56
Gunnlaugs saga orrmungu	9596	2098	4,57	972	9,87
Hrafnkels saga	9612	2142	4,48	1058	9,08
Kormáks saga	10291	2256	4,56	1090	9,44
Kjalnesinga saga	11003	2244	4,90	1111	9,90
Gull-Þóris saga	11080	2367	4,68	1062	10,43
Króka-Refs saga	11084	2333	4,75	1208	9,17
Bandamanna saga (M-gerð)	11187	2170	5,15	1092	10,24
Hallfreðar saga (OlTr)	11573	2400	4,82	1161	9,68
Víglundar saga	11825	2234	5,29	1106	10,69
Heiðarvíga saga	12943	2553	5,06	1192	10,85
Bárðar saga Snæfellsáss	13150	2925	4,49	1317	9,98
Hávarðar saga Ísfirðings	15402	2616	5,88	1262	12,20
Þórðar saga hreðu	15547	2618	5,93	1249	12,44
Flóamanna saga	17749	3377	5,25	1583	11,21
Harðar saga og Hólmverja	18400	3334	5,51	1575	11,68
Gísla saga (styttri gerð)	18944	3249	5,83	1484	12,76
Víga-Glúms saga	19117	3311	5,77	1507	12,68
Svarfdæla saga	19193	3183	6,02	1470	13,05
Bjarnar saga Hítédælakappa	19286	3101	6,21	1483	13,00
Gísla saga (lengri gerð)	23437	3613	6,48	1610	14,55
Reykðæla saga	23678	3277	7,22	1385	17,09
Finnboga saga	24188	3426	7,06	1643	14,72
Fljótsdæla saga	27278	4163	6,55	1983	13,75
Ljósvetninga saga (C-gerð)	27667	4136	6,68	1829	15,06
Þóstræðra saga	29124	4306	6,76	1942	14,99
Vatnsdæla saga	29289	4693	6,24	2166	13,52
Eyrbyggja saga	38061	5468	6,96	2360	16,12
Laxdæla saga	57467	6607	8,69	2860	20,09
Grettis saga	61205	7385	8,28	3229	18,95
Bgils saga	62254	6683	9,31	2839	21,92
Brennu-Njáls saga	98938	8229	12,02	3135	31,55
	870.597				
Allar sögur	740.746	35.566		12.401	



Tafla 2: Sérörð í Íslendinga sögum

Heiti sögu	LEM	Om	SOM	HI SOM	O	SO	HI SO	SO/ 10
Hallfréðar saga (M)	8892	1945	61	3,1	940	16	1,7	18,2
Ljósvetninga saga (A)	7491	1670	59	3,5	822	23	2,8	30,7
Gunnars saga	7373	1455	82	5,6	725	23	3,2	31,5
Droplaugarsona saga	9410	1980	190	9,6	885	38	4,3	40,4
Gísla saga (lengri gerð)	23437	3613	287	7,9	1610	97	6,0	41,4
Bandamanna saga (K)	9384	1906	127	6,7	906	41	4,5	43,7
Reykðæla saga	23678	3277	421	12,8	1385	108	7,8	45,6
Þórðar saga hreðu	15547	2618	240	9,2	1249	72	5,8	46,3
Gísla saga (styttri gerð)	18944	3249	268	8,2	1484	89	6,0	46,9
Gull-Þóris saga	11080	2367	326	13,8	1062	54	5,1	48,7
Brennu-Njáls saga	98938	8229	1883	22,9	3135	504	16,1	50,9
Bandamanna saga (M)	11187	2170	155	7,1	1092	60	5,5	53,6
Flóamanna saga	17749	3377	382	11,3	1583	96	6,1	54,1
Gunnlaugs saga	9596	2098	193	9,2	972	52	5,3	54,2
Þorsteins saga hvíta	3537	1029	86	8,4	510	20	3,9	57,1
Ljósvetninga saga (C)	27667	4136	520	12,6	1829	159	8,7	57,5
Svarfðæla saga	19193	3183	398	12,5	1470	111	7,6	57,8
Hænsna-Þóris saga	8698	1853	152	8,2	916	52	5,7	59,8
Hallfréðar saga (Ólfr)	11573	2400	168	7,0	1161	70	6,0	60,5
Víga-Glúms saga	19117	3311	364	11,0	1507	117	7,7	61,2
Bjarnar saga	19286	3101	364	11,7	1483	118	8,0	61,2
Finnboga saga	24188	3426	405	11,8	1643	151	9,2	62,4
Kjalnesinga saga	11003	2244	235	10,5	1111	70	6,3	63,6
Vopnfirðinga saga	9571	2083	208	10,0	1001	61	6,1	63,7
Laxdæla saga	57467	6607	1137	17,2	2860	366	12,8	63,7
Fóstræðra saga	29124	4306	637	14,8	1942	194	10,0	66,2
Hávarðar saga Ísfirðings	15402	2616	303	11,6	1262	107	8,5	69,5
Egils saga	62254	6683	1442	21,6	2839	445	15,7	71,5
Heiðarvíga saga	12943	2553	308	12,1	1192	95	8,0	73,4
Kormáks saga	10291	2256	246	10,9	1090	76	7,0	73,9
Harðar saga	18400	3334	441	13,2	1575	138	8,8	75,0
Grænlandinga saga	6036	1474	129	8,8	728	46	6,3	76,2
Víglundar saga	11825	2234	238	10,7	1106	94	8,5	79,5
Vatnsdæla saga	29289	4693	706	15,0	2166	238	11,0	81,3
Hrafnkels saga	9612	2142	251	11,7	1058	79	7,5	82,2
Ólkofra saga	2915	901	70	7,8	473	25	5,3	85,9
Fljótsdæla saga	27278	4163	668	16,0	1983	240	12,1	87,9
Eyrbyggja saga	38061	5468	1053	19,3	2360	336	14,2	88,3
Valla-Ljóts saga	6921	1708	188	11,0	846	63	7,4	91,0
Grettis saga	61205	7385	1654	22,4	3229	598	18,5	97,7
Grænlandinga þáttur	4243	1204			634	43	6,8	101,4
Þorsteins s. Síðu-Halls.	5399	1478	124	8,4	728	55	7,6	101,8
Króka-Refs saga	11084	2333	293	12,6	1208	117	9,7	105,5
Birriks saga	7824	1986	274	13,8	994	87	8,8	111,2
Bárðar saga Snæfellsáss	13150	2925	484	16,5	1317	148	11,2	112,5
Jökuls þáttur Búasonar	3445	1099			608	49	8,1	142,4
	870.597							
Allar sögur	740.746	35.566	18.220	51,23	12.401	5.842	47,11	

Skýringar á dálkum: LEM: Lesmálsörð; Om: Orðmyndir; SOM: Sérstakar orðmyndir; HI SOM: Hlutfall sérstakra orðmynda; O: Orðaförð; SO: Sérörð; HI SO: Hlutfall sérörða af orðaförða; SO/10: Fjöldi sérörða í hverjum 10.000 orðum.

Tafla 3: Skipting sérörða í orðflokka

Saga	SO	SO/10	No	%	Lo <sup>1</sup>	%	So	%	Ao <sup>2</sup>	%
Hallfreðar saga (M)	16	18,2	11	68,7	4	25,0			1	6,3
Ljósvetninga saga (A)	23	30,7	14	60,9	7	30,5	1	4,3	1	4,3
Gunnars saga	23	31,5	14	60,9	9	39,1				
Droplaugarsona saga	38	40,4	24	63,2	8	21,1	4	10,5	2	5,2
Gísla saga (L)	97	41,4	61	62,9	18	18,5	14	14,4	4	4,2
Bandamanna saga (K)	41	43,7	21	51,2	14	34,1	4	9,7	2	4,9
Reykðæla saga	108	45,6	66	61,2	32	29,6	6	5,5	4	3,7
Þórðar saga hreðu	72	46,3	49	68,1	16	22,3	6	8,3	1	1,3
Gísla saga (S)	89	46,9	57	64,0	17	19,1	3	3,4	12	13,5
Gull-Þóris saga	54	48,7	39	72,2	10	18,5	4	7,4	1	1,9
Brennu-Njáls saga	504	50,9	337	66,8	121	24,0	26	5,1	20	3,9
Bandamanna saga (M)	60	53,6	30	50,0	24	40,0	4	6,7	2	3,3
Flóamanna saga	96	54,1	53	55,2	30	31,3	7	7,3	6	6,2
Gunnlaugs saga	52	54,2	29	55,8	13	25,0	8	15,4	2	3,8
Þorsteins saga hvíta	20	57,1	14	70,0	1	5,0	3	15,0	2	10,0
Ljósvetninga saga (C)	159	57,5	99	62,3	42	26,4	12	7,5	6	3,8
Svarfðæla saga	111	57,8	74	66,7	20	18,0	11	9,9	6	5,4
Hænsna-Þóris saga	52	59,8	33	63,5	11	21,2	5	9,6	3	5,7
Hallfreðar saga (ÓlTr)	70	60,5	46	65,7	18	25,7	2	2,9	4	5,7
Víga-Glúms saga	117	61,2	59	50,4	38	32,5	13	11,1	7	6,0
Þjarnar saga	118	61,2	67	56,8	39	33,1	8	6,8	4	3,4
Finnboga saga	151	62,4	88	58,3	43	28,5	12	7,9	8	5,3
Kjalnesinga saga	70	63,6	40	57,2	22	31,4	5	7,1	3	4,3
Vopnfirðinga saga	61	63,7	32	52,4	16	26,2	5	8,2	8	13,1
Laxdæla saga	366	63,7	213	58,2	104	28,4	22	6,0	27	7,4
Fóstbræðra saga	194	66,2	117	60,3	56	28,9	15	7,7	6	3,1
Hávarðar saga	107	69,5	56	52,3	35	32,7	14	13,1	2	1,9
Egils saga	445	71,5	325	73,0	89	20,0	20	4,5	11	2,5
Heiðarvíga saga	95	73,4	52	54,7	26	27,4	7	7,4	10	10,5
Kormáks saga	76	73,9	50	65,8	19	25,0	6	7,9	1	1,3
Harðar saga	138	75,0	88	63,5	39	28,4	4	2,9	7	5,2
Grænlinga saga	46	76,2	28	60,1	14	30,4	4	8,7		
Víglundar saga	94	79,5	59	62,7	22	23,4	8	8,5	5	5,3
Vatnsdæla saga	238	81,3	146	61,3	64	26,9	18	7,6	10	4,2
Hrafnkels saga	80	82,2	48	60,0	25	31,2	4	5,0	3	3,8
Ólkofra saga	25	85,9	15	60,0	6	24,0	3	12,0	1	4,0
Flijótsdæla saga	240	87,9	155	64,6	56	23,3	17	7,1	12	5,0
Eyrbyggja saga	336	88,3	223	66,4	83	24,7	21	6,2	9	2,7
Valla-Ljóts saga	63	91,0	41	65,1	18	28,6	1	1,6	3	4,7
Grettis saga	598	97,7	350	58,5	157	26,3	55	9,2	36	6,0
Grænlinga þáttur	43	101,4	35	81,4	5	11,6	3	7,0		
Þorsteins saga S.-H.	55	101,8	41	74,5	7	12,7	6	10,9	1	1,8
Króka-Refs saga	117	105,5	65	55,5	26	22,3	19	16,2	7	6,0
Eiríks saga	87	111,2	63	72,4	13	14,9	5	5,7	6	6,9
Bárðar saga	148	112,5	82	55,4	48	32,4	13	8,8	5	3,4
Jökuls þáttur	49	142,4	27	55,1	12	24,4	7	14,3	3	6,1
Allar sögur (sérörð)	5842		3636	62,3	1497	25,6	435	7,4	274	4,7
Allar sögur (heildartala)	12401		7292	58,8	2903	23,4	1447	11,8	759	6,1

1 Með lo eru í fáeinum tilvikum tatin fornöfn. Þau eru svo fá að ástæðulaust þótti að færa þau sérstaklega  
2 Með ao eru tatin fáein töluorð, upphrópanir og samtengingar.